



# Ársskýrsla

2023-2024



## Efnisyfirlit

Formáli .....	5
Hagnýtar upplýsingar .....	6
Stjórnskipulag.....	6
Starfsmenn .....	6
Nemendafjöldi.....	8
Fjárhagsáætlun.....	8
Skólaakstur .....	9
Áherslur í skólastarfi .....	9
Teymisvinnan .....	9
Jákvæður agi.....	9
Starfsmannasáttmáli .....	10
Starfspróun.....	10
Skipting skólaársins og námsmat .....	10
Kennsluskýrslur - Teymin .....	12
1. bekkur.....	12
Teymi 2.-3.....	14
Teymi 4.-5.....	17
Teymi 6.-7.....	19
8.bekkur .....	23
9. bekkur.....	26
10. bekkur .....	29
Kennsluskýrslur - Skólaíþróttir, list og verkgreinar .....	33
Heimilisfræði.....	33
Smíðar .....	34



Textílmennt .....	35
Sjónlistir.....	36
Íþróttir .....	37
Sund.....	39
Skylduvalgreinar á unglíngastigi.....	40
Stuðningur við nám.....	2
Aðrar skýrslur .....	2
Heimasíða og Mentor.....	2
Bókasafn .....	2
Náms- og starfsráðgjöf.....	3
Heilsugæsla .....	8
Mötuneyti.....	9
Byrjendalæsi.....	9
Sameiginlegir viðburðir .....	11
Salarskemmtanir .....	11
Göngudagurinn .....	11
Jól í skókassa .....	12
Verkstæðisdagur .....	12
Litlu jólin.....	13
Útivistardagur.....	13
Skólalok .....	13
Nefndir og ráð .....	13
Foreldrafélag Borgarhólsskóla .....	13
Veðurráð .....	14
Öryggisráð .....	14
Innra mat.....	15



Skólaráð.....	15
Nemendaverndarráð.....	15
Eineltisteymi.....	16
Áfallaráð .....	17
Nemandateymi.....	17
Samstarf skólans við aðrar stofnanir .....	18
Grænuvellir.....	18
Tónlistarskóli Húsavíkur .....	18
Náttúruskólinn/Hvalasafnið .....	19
Framhaldsskólinn á Húsavík.....	19



## Formáli

Ársskýrsla Borgarhólsskóla, sem er einn þriggja grunnskóla Norðurlands, þjónar tvennum tilgangi. Annars vegar að miðla þekkingu um skólastarfið og kynna umbætur og þróun í skólastarfinu. Hins vegar að vera hluti af formlegu sjálfsmati skólans og þróunaráætlunum. Í grunnskólalögum, nr. 91/2008, 35. gr., er kveðið á um mat og eftirlit með gæðum starfs í grunnskólum. Þar segir meðal annars að mat og eftirlit skuli „veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.“ Ársskýrslan er því liður í þróun og vexti skólastarfsins. Þrátt fyrir einhverjar takmarkanir þjónar ársskýrslan tilgangi sínum og er það von okkar að með henni sé stuðlað að markvissari upplýsingagjöf og enn betra skólastarfi.

Þórgunnur R. Vigfúsdóttir, skólastjóri.



# Hagnýtar upplýsingar

## Stjórnskipulag

Við skólann starfaði í ár skólastjóri og þrír deildarstjórar.

Kolbrún Ada Gunnarsdóttir deildarstjóri 1-5 bekkjar. Hjálmar Bogi Hafliðason deildarstjóri 6.-10 bekkjar, 74 % stjórnunarhlutfall og Elsa Björk Skúladóttir deildarstjóri stoðþjónustu 74% hlutfall.

## Starfsmenn

Aðalheiður Tryggvadóttir	Skólaliði	Jóna Björk Gunnarsdóttir	Umsjónarkennari
Agnes Lilja Jóakimsdóttir	Skólaliði	Jóna Óskarsdóttir	Skólaliði
Arnór Heiðmann Aðalsteinsson	Umsjónarkennari	Jónína Hildur Grímsdóttir	Stuðningsfulltrúi/Frístund
Arnþór Þórsteinsson	Leiðbeinandi	Karin Gerhartl	Verk- og listgreinakenari
Árný Björnsdóttir	Grunnskólakennari	Karólína Skarphéðinsdóttir	Grunnskólakennari
Ásdís Krístrún Melsteð	Stuðningsfulltrúi	KIDDY Hörn Ásgeirsdóttir	Umsjónarkennari
Ásgerður Heba Aðalsteinsdóttir	Stuðningfulltrúi	Kolbrún Ada Gunnarsdóttir	Deildarstjóri
Áslaug Guðfinna Friðfinnsdóttir	Umsjónarkennari	Kristin Elisa Sigurðsson	Leiðbeinandi verk- og listgrein
Berglind Ólafsdóttir	Umsjónarkennari	Kristín Helgadóttir	Náms- og starfsráðgjafi
Berglind Ósk Ingólfssdóttir	Umsjón með Frístund	Kristján Leó Arnbjörnsson	Leiðbeinandi Íþróttir
Dagbjört Erla Gunnarsdóttir	Umsjónarkennari	Laufey Marta Einarsdóttir	Skólaritari
Díana Jónsdóttir	Hjúkrunarfræðingur	Linda Arnardóttir	Skólaliði
Dóra Fjóra Guðmundsdóttir	Umsjónarkennari	Magnea Dröfn Arnardóttir	Stuðningsfulltrúi
Dóra Hrund Gunnarsdóttir	Þroskaþjálfari	María Björt Wium Guðnadóttir	Stuðningsfulltrúi
Egill Páll Egilsson	Leiðbeinandi	Nanna Þ Möller	Grunnskólakennari
Elsa Björk Skúladóttir	Tengiliður	Óskar Páll Davíðsson	Umsjónarkennari



Eyrún Ýr Tryggvadóttir	Grunnskólakennari	Ruth Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi
Friðrika Bóel Ödudóttir	Stuðningur/Frístund	Selmdís Þráinsdóttir	Íþróttakennari
Guðbergur Rafn Ægisson	Húsvörður/Stuðningsfulltrúi	Sigríður K. Sigvaldadóttir	Skólaliði
Guðný Ósk Agnarsdóttir	Umsjónarkennari	Sigurður Már Vilhjálmsson	Leiðbeinandi
Guðrún Helga Ágústsdóttir	Kennari	Sigurveig Rakei Matthíasdóttir	Stuðningsfulltrúi
Guðrún Kristinsdóttir	Umsjónarkennari	Sóley Sigurðardóttir	Bókasafnskennari
Guðrún Sædis Harðardóttir	Umsjónarkennari	Sunneva Mist Ingvarsdóttir	Umsjónarkennari
Harpa Ásgeirsdóttir	Umsjónarkennari	Svala Hrund Stefánsdóttir	Grunnskólakennari
Harpa Lind Pálsdóttir	Leiðbeinandi íþróttir	Sveinn Birgir Hreinsson	Húsvörður/í leyfi
Hilda Rós Pálsdóttir	Umsjónarkennari	Sylvía Smáradóttir	Umsjónakennari
Hjálmar Bogi Hafliðason	Deildarstjóri	Sædis Rán Ægisdóttir	Stuðningsfulltrúi
Hrund E Thorlacius	Umsjónarkennari	Thelma Björk Martin	Leiðbeinandi
Inga Maren Sveinbjörnsdóttir	Stuðningsfulltrúi	Unnur Lilja Erlingsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Ingólfur Jónsson	Verk- og listgreinakennari	Þorbjörg Arna Unnsteinsdóttir	Umsjónarkennari
Ingunn Elsa Apel Ingadóttir	Frístundaleiðbeinandi	Þóra Katrín Þórsdóttir	Leiðbeinandi verk- og listgrein
Jakobína Gunnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Skólastjóri

Stöðugildi til almennrar kennslu voru 29,95 miðað við 17,33 tíma kennsluskyldu.

1 húsvörður 1,0 stöðugildi

6 skólaliðar 5,6 stöðugildi

1 námsráðgjafi 0,8 stöðugildi

12 stuðningsfulltrúar 8,83 stöðugildum

2 sérkennarar í 1,7 stöðugildi

Iðjuþjálfari í 0,9 stöðugildi



## Nemendafjöldi

	<b>Drengir</b>	<b>Stúlkur</b>	<b>Alls</b>
1. bekkur	14	9	23
2. bekkur	17	10	27
3. bekkur	20	14	34
4. bekkur	15	16	31
5. bekkur	12	13	25
6. bekkur	13	9	22
7. bekkur	7	16	23
8. bekkur	18	19	37
9. bekkur	16	15	31
10. bekkur	16	16	32
<b>Alls:</b>	<b>148</b>	<b>137</b>	<b>285</b>

## Fjárhagsáætlun

Þegar afleysingar eru af mjög skorum skammti leiðir af sjálfu sér að álag á aðra starfsmenn eykst. Aðdáunarvert er hve starfsmenn hafa almennt tekið þessu vel og gert sitt besta til að leysa málin.

Það tíðkast víða sem leið til sparnaðar að kennarar semji við aðra kennara um vinnuskipti með vitund og samþykki skólastjóra slíkt var nýtt hér auk annarra forfalla. Þá gátu starfsmenn safnað sér inn leyfi í stað þess að fá yfirvinnu greidda, allt að fimm dögum.



## Skólaakstur

Skólastarf hefst alla daga klukkan 08.15. Skólabíll sækir nemendur utan þéttbýlis alla skóladaga og fer frá Borgarhólsskóla kl 14:00 Skólabíllinn kemur og fer frá stóra bílastæðinu norðan við skólann og er staði hans merkt. Heimför skólabíls miðast við stundatöflu þess nemenda sem hefur lengstan skóladag. Fjallasýn sér um skólaakstur.

## Áherslur í skólastarfi

### Teymisvinnan

Með teymiskennslu er átt við að tveir eða fleiri kennarar vinni saman að kennslu í sama rými. Umsjónarkennarar/kennarar í teyminu bera sameiginlega ábyrgð á kennslunni og skipulagi hennar og njóta liðsinnis stuðningskennara og/eða stuðningsfulltrúa sem eru þátttakendur í teyminu. Teymiskennslan var með ýmsu sniði, algengt var að kennararnir í teyminu deildu með sér kennslu allra nemendanna en einnig var nemendum gjarnan skipt í mismunandi hópa eftir námsþörfum eða námsefni.

Markmið með teymiskennslunni er að efla skólastarfið enn betur en ótal kennslufræðileg- og félagsleg rök mæla með þessum kennsluháttum. Má þar nefna meiri sveigjanleika og fjölbreytni í verkefnum og kennsluaðferðum, meiri samvinnu og samhæfingu kennslu í árganginum, auðveldara er að koma til móts við námsþarfir hvers nemanda, nemendur fylgjast með góðum samskiptum kennaranna og upplifa jákvæða fyrirmynd í samskiptum fullorðinna. Kennsluáætlun heldur sér þótt einn kennara vanti og forfallakennari komi í hans stað og fjölbreyttari félagahópur getur leitt til meiri samheldni innan nemendahópsins. Fjárhagsleg rök eru einnig fyrir hendi því nýting á starfsfólki skólans verður hagkvæmari auk þess sem skólahúsnaðið er betur nýtt. Ókostir við teymiskennsluna eru að skipulag er þyngra í vöfum og að ýmsu leyti tekur það lengri tíma. Teymiskennsla er vaxandi við Borgarhólsskóla.

### Jákvæður agi

Í starfi okkar leggjum við til grundvallar uppeldisstefnu sem nefnist Jákvæður agi (Positive Discipline). Stefnan byggir á sjálfsstjórnarkenningum, sem fela það í sér að horft er á orsakir hegðunar fremur en að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu eins og lengi hefur



tíðkast með ýmsum atferlismótunarkerfum sem hafa verið ráðandi í skólakerfinu um langan tíma. Jákvæður agi gengur út á það að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisn, vinsemd og festu. Bekkjarfundir eru grundvallaratriði í framkvæmd stefnunnar því að þar fá nemendur tækifæri til að æfa sig í öruggu umhverfi. Því er lögð mikil áhersla á að kenna rétta framkvæmd þeirra, þeir séu haldnir eftir settum reglum og nægilega oft.

## Starfsmannasáttmáli

Starfsmannasáttmálinn var ræddur á þessu skólaári. Starfsfólk valdi að vinna með jákvæð samskipti, virðingu og ábyrgð. Stjórnendur fóru inn í öll teymi og ræddu um þessi markmið út frá svörum í starfsmannakönnun.

## Starfsþróun

Litið hefur verið svo á að innleiðing Jákvæðs aga og teymisvinnu taki allan okkar tíma í starfsþróun. Starfsmenn sinna starfsþróun fyrir utan sinn vinnutíma og skila til skólastjóra skýrslu um hvernig þeir hafa varið starfsþróunartíma sínum. Í vinnslu er þriggja ára starfsþróunaráætlun fyrir alla starfsmenn skólans. Í vetur höfum við nýtt tölvukerfi sem heitir Eloomi til að halda utan um námskeið og efni sem allir starfsmenn skulu kynna sér. Við höldum áfram að þróa þá leið og vinna skv. henni næsta skólaár.

## Skipting skólaársins og námsmat

Skólastarf hófst 24. ágúst. Upphafið var hefðbundið og kennt var samkvæmt stundatöflu. Samtal heimilis og skóla fór fram 30. september með hefðbundum hætti. Í lok september fór að bera á covid 19 smitum meðal nemenda og starfsfólks. Skólanum var lokað í eina viku 4.-11. október vegna fjölda smita til að reyna að koma í veg fyrir frekari smit. Takmarkanir voru settar á sem fylgdu okkur fram að áramótum. Við gátum haldið verkstæðisdag með takmörkunum og þurftu gestir að sýna neikvætt hraðpróf til að fá að koma inn. Einnig voru litlu jólin haldin með breyttu sniði þar sem ekki mátti blanda á milli teyma og fjöldatakmarkun kom í veg fyrir jólaball.

Eftir áramót hófst skólastarf með áframhaldandi smitakningum og sóttkví. Það var ekki fyrr en mars sem öllu var aflétt og við tók hefðbundið starf án fjöldatakmarkana.



Nemendur fengu síðan vitnisburð hjá umsjónarkennara í lok dags 3. júní. Tíundi bekkur var útskrifaður á sal skólans fimmtudaginn 2. júní kl 17. Var nemendum og aðstandendum boðið í kaffisamsæti að athöfn lokinni.

Foreldrar voru upplýstir í gegnum Mentor, feisbókarsíðu og á heimasíðu skólans reglulega. Þegar mestu takmarkanir, smitrakning og smit innan skólans voru í vetur fór tölvupóstur á forráðamenn frá skólastjóra með upplýsingum. Fór póstur eins og oft og þurfti að koma nýjum upplýsingum. Pósturinn var sendur bæði á íslensku og ensku.

Við formlegt mat var öllum bekkjum gefin einkunn þar sem kvarðinn A-D var notaður. Jafnt og þétt yfir skólaárið skrá kennarar inn í hæfnikort nemenda á Mentor.

Kvarði	Námssvið
<b>A</b>	<b>Framúrskarandi</b> hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs
<b>B</b>	<b>Góð</b> hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.
<b>C</b>	<b>Sæmileg</b> hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.
<b>D</b>	Hæfni og frammistöðu í námi <b>ábótavant</b> með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.
<i>Gefnar eru einkunnirnar C+ og B+ þegar hæfni nemanda er mjög nærri því að ná næsta viðmiði fyrir ofan.</i>	



# Kennsluskýrslur - Teymin

## 1. bekkur

### Íslenska

#### Námsgögn:

- Verkefnablöð
- Stafahafti
- Sögubækur fyrir byrjendalæsi
- Skriftarbók 1
- Ritrún 1
- Lesrún 1
- Sögubók: Asnaskóli, Viltu vera vinur minn, Vinur minn vindurinn, Ég vil fisk!, Jól í Ólátagarði, Grýlukvæði, Greppikló, Komdu og skoðaðu líkamann, Stafrófskver, komdu og skoðaðu umhverfið og fleiri gæðatextar.

**Kennslutilhögun:** Unnið var eftir aðferðum Byrjendalæsis og efnið samþætt öðrum námsgreinum. Allur veturinn var unninn í þemum. Inn á milli og meðfram þemavinnu voru vinnubækur (Ritrún og Skrift 1) notaðar. Skriftarhefti var unnið samhliða Byrjendalæsisvinnu þar sem hver bókstafur var lagður inn og blaðsíðan um hann síðan unnin. Litla Lesrún var notuð í enda 1. bekkjar.

**Námsmat:** Leið til læsis, lesferill, stafakönnun og mat kennara.

### Stærðfræði

#### Námsgögn:

- Sproti 1a og 1b og æfingahefti
- Stærðfræðispæjarar
- Sproti æfingarhefti 1a og 1b
- Hjálpargögn svo sem talnagrindur, kubbar og fleira

**Kennslutilhögun:** Innlögn í upphafi hvers kafla, unnið í þemum og samþætt öðrum námsgreinum

**Námsmat:** Munnleg athugun kennara, tölustafakönnuna

### Samfélags- og náttúrufræði

#### Námsgögn:

- Komdu og skoðaðu líkamann
- Komdu og skoðaðu umhverfið



- Ég vil fisk
- Víðsjár og stækkunargler

**Kennslutilhögun:** Öll samfélags- og náttúrufræði var unnin í þemum, sambætt við aðrar námsgreinar.

**Námsmat:** Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn, símat.

## Jákvæður agi

### Námsgögn:

- Lausnarhjólíð
- Bekkjarsáttmáli
- Heimakrókur
- Jákvæð einvera
- Kalli krumpaði o.fl. verkefni úr handbók um Jákvæðan aga
- Lásu bækurnar, Ég ræð við þetta, Ég hef trú á sjálfri mér og Ég er stoltur af mér.

### Kennslutilhögun:

- Einu sinni í viku góður bekkjarfundur
- Heimakrókur í upphafi dags alla daga
- Val um tvennt
- Lausnahjól
- Bekkjarsáttmálinn nýttur vel
- Hrós og þakkir
- Jákvæð einvera

**Námsmat:** Mat kennara, merkt í viðmið um árangur undir lífsleikni (náttúru- og samfélagsgreinar)

## Viðburðir

- Göngudagurinn
- Baráttudagur gegn einelti
- Þemadagar með vinabekk
- Verkstæðisdagurinn
- Litlu jólin í stofu og dansað í kringum tré á teymissvæði.
- Heimsóknir leikskólabarna til okkar og við til þeirra.
- Sungið á skólasamkomu, sungum tvö lög og hreyfingar gerðar með
- Fórum í heimsókn á svæði 2.-3. bekkjar til að undirbúa nemendur fyrir færslu þangað næsta haust.
- Þemadagar um 6H heilsuna
- Sundkennsla í maí.



## Teymi 2.-3.

### Íslenska

**Námsgögn:** Í íslensku var unnið með fjölbreytta gæðatexta sem geta verið t.d sögubækur, lagatextar o.fl. Unnið er með fjölbreytt verkefni hverju sinn, spil og leiki. Einnig var unnið í vinnubókunum Lesrúnu, Litlu Lesrúnu, Ritrúnu 1-2 og 3 Skrift 2-3 og 4 og ritun í sögubók. Flökkusaga, Helgi skoðar heiminn, yndislestur og hlustun.

**Kennslutilhögun:** Við nýttum okkur aðferðir byrjendalæsis, lásam bækur, unnum verkefni í lotum. Nemendur unnu einnig í vinnubókum, hver á sínum hraða. Við notuðum einnig spil, leiki ásamt allskonar verkefnum og umræðum til þess að efla skilning og orðaforða hjá nemendum.

**Námsmat:** Lesfimi í september, janúar og maí. Lesskilningskannanir tvisvar yfir veturinn. 20 orðin tvisvar yfir veturinn, í hverju þema var unnið með ákveðin hæfniviðmið. Við notuðum einnig spil, leiki ásamt allskonar verkefnum og umræðum til þess að efla skilning og orðaforða hjá nemendum.

### Stærðfræði

**Námsgögn:** Sproti 2a, 2b 3a og 3b, Stærðfræðispæjarar 1 og 2 og uppsett dæmi, æfingabækur, orðadæmi, dæmi úr daglegu lífi, peningaleikir, kubbar, sræðfræðileikir í spjaldtölvu, leir og margt fleira.

**Kennslutilhögun:** Við lögðum hvern og einn kafla inn fyrir allan hópinn. Allir byrjuðu á sama kafla á sama tíma og svo fengu nemendur að vinna á eigin hraða. Við unnum oft í minni hópum svo allir nemendur gætu fengið aðstoð við hæfi. Lögðum áherslu á skapandi stærðfræði með því að notast við fjölbreytt verkefni og kennsluáferðir.

**Námsmat:** Við notuðum símat, fylgdumst með þeim vinna og og spurðum þau svo út í efnið. Stærðfræðikannanir og verkefni

### Samfélags- og náttúrufræði



**Námsgögn:** Halló heimur 1, vertu þú, komdu og skoðaðu fjöllin, regnboginn jólin, regnboginn páskarnir, stuð á stærðfræðisýningu, heimabyggðin okkar frá landnámi, komdu og skoðaðu umhverfið, komdu og skoðaðu landnámið, humlur, köngulær og ánamaðkar

**Kennslutilhögun:** Unnið var í þemum. Lesið var gæðatexta í bókum fyrir nemendur og unnið eftir byrjendalæsi og fléttuðum saman við aðrar námsgreinar. Unnið var með textann með því að fara í fjölbreytt verkefni, horfðum á myndbönd og lögðum áherslu á skapandi hlið nemenda með föndri í lok þema.

**Námsmat:** Símat, við fylgdumst með nemendum vinna, unnum með þeim. Fórum í spurningaleiki og aðra leiki ásamt heilmiklum umræðum um hvert og eitt efni. Nemendur unnu fjölbreytt verkefni sem metið var eftir.

## Upplýsingatækni

**Námsgögn:** Spjaldtölva

**Kennslutilhögun:** Nemendur í 2.bekk fengu tækifæri til að afla sér upplýsinga og finna myndir tengdar verkefnum sem unnið var þegar það hentaði.

Nemendur í 3.bekk fengu tækifæri til þess að googla og leita upplýsinga um allskonar efni í vetur. Bæði eitthvað sem við settum þeim fyrir og svo ef þau langaði að finna upplýsingar um efni sem þau völdu sjálf.

Námsleikir - Orðagull, Sprotar ofl.

**Námsmat:** Kennari í 2.bekk fylgdist með og aðstoðar nemendur í leit og leikjum. Metur framfarir jafnóðum.

Nemendur í 3.bekkátta að vinna áhugasviðsverkefni. Þau völdu sér efni sem þau áttu að finna sér upplýsingar og máttu ráðu hvernig þau skiluðu frá sér. Kennarar fylgdust með þeim í ferlinu og máttu þau jafnóðum.

Sjálfsmat, nemendur fengu tækifæri til að meta sig sjálf.



## Enska

**Námsgögn:** Útprentuð verkefni frá MMS þar sem farið var yfir tölur, ávexti dýr, liti, fatnað og önnur viðmið úr Aðalnámskrá. Myndbönd og lög af youtube, leikir og spil sem tengdust efninu og ýmis ljósrituð blöð. Bíómyndir, Kahoot og spjaldtölvur

**Kennslutilhögun:** Innlögn og verkefni unnið á eftir henni, allir með í innlögn og svo fengu nemendur að vinna sjálfstætt á sínum hraða. Kahoot þar fengu nemendur spjaldtölvur og kennari hafði útbúið spurningar á ensku sem nemendur áttu að svara.

**Námsmat:** Símat, kennari fylgdist með nemendum vinna og mat hæfni nemenda eftir hvert þema, spurði út í efnið og merkti jafnóðum inn á hæfnikort í Mentor

## Viðburðir

Skólaskemmtun	Þriðji bekkur var með dansatriði á skólaskemmtun við lagið Clap snap.
Salarskemmtun 2. bekkur	Nemendur settu upp leikrit eftir bókinni Flökkusaga sem búið var að vinna með í byrjendalæsi. Grekk vel.
Salarskemmtun 3. bekkur	Leikþættir um samskipti, gekk vel mjög vel.
Eineltisdagur og þemadagar	Nemendur unnu með vinabekkjum með vinabekkjum sínum.
Heimsóknir í Safnahúsið, nokkur skipti	2. bekkur saman en þriðji bekkur stofuskípt.
Rusladagur, maí	Týndum rusl á skólalóðinni.
Litlu jól	Skóladagurinn var frá 8:15 - 12. Við sáum um dagskrá fyrir þau. Nemendur fóru í salinn á jólaball og það komu jólasveinar. Dagurinn heldur langur fyrir unga nemendur í sparifötum.
Verkstæðisdagur	Við vorum með tvennskonar föndur, engill og hjarta til að hengja á jólatré. Efniviður: notaðar bækur, bönd, lím og hefti.



Vatnsrennibraut við sundlaug	Var gaman en árekstrar í klefa, kuldi og óhentug tímasetning. Óskum eftir að næst séu samliggjandi teymi ekki í röð (minni líkur á árekstrum ef aldursbilið er meira) og helst að 2.-3.b. fái að fara eftir mat, 11.40
Skólaslit	Skóladagur frá 8:15-13:00 Farið inn í sal í smástund, sungið og hlustað á deildarstjóra, grillaðar pylsur og loks afhending vitnisburða í heimastofum.

## Teymi 4.-5.

### Íslenska

#### Námsgögn:

- Málrækt 1
- Danski draugurinn
- Skrift
- Lesrún 2
- Smellur
- Orðarún
- Ýmis verkefni
- Fjölbreytt ritunarverkefni

**Kennslutilhögun:** Einstaklingsvinna, paravinna, hópavinna, innlagnir frá kennara, samvinnuleikir, ýmis verkefni í ipad

**Námsmat:** Verkefni metin yfir veturinn. Kannanir: Lesfimi lestrarkönnun tekin í september, janúar og maí, 20 orðin stafsetningarkönnun tekin haust og vor, málfræðikönnun tekin í maí

### Stærðfræði

**Námsgögn:** Sproti 4a og 4b, Stika 1a og 1b, ýmis verkefni sem tengdust námsefninu hverju sinni

**Kennslutilhögun:** Kennarar voru með innlagnir í byrjun hvers kafla og útikennslu. Nemendur unnu ýmist sjálfstætt, í pörum eða í hóp.

**Námsmat:** Það var símat, þar sem hver kafli var metinn fyrir sig, svo var allt tekið saman í lokin sem heildareinkunn.



## Samfélags- og náttúrufræði

**Námsgögn:** Ísland hér búum við og Halló heimur. Ýmsar bækur um goðafræði.

**Kennslutilhögun:** Hópavinna, innlagnir, þema, einstaklingsvinna, tölvuvinna, föndur.

**Námsmat:** Símat yfir önnina út frá hverju verkefni fyrir sig.

## Enska

**Námsgögn:**

- Yes we can 4 og 5
- Yes we can námsvefjur
- Hickory, dickory, dock
- Enskar málfræðiæfingar A og B

**Kennslutilhögun:** Lotuskipt, kaflarnir í *yes we can 4 og 5* teknir fyrir þar sem eru ákveðnir áherslu þættir (orð, málfræðireglur og ýmsir þættir eins og frásögn, hlustun o.frv.) Innlögn frá kennara í upphafi kafla sem og kveikja. Yes we can 4 og 5 notað sem stoðefni en annað námsefni notað til stuðning sem og leikir og æfingar mikið notaðar til kveikju og ítrekun. Einstaklingsvinna og hópavinna.

**Námsmat:** Símat þar sem verkefni og munnlegar æfingar voru metnar að hverju sinni. Verkefni taka mið af fyrirfram ákveðnum hæfniviðmiðum sem eru metin að hvoru sinni. Einnig var leitast eftir því að spyrja nemendur spurningar til að kanna þekkingu þeirra og um leið að fá þau til leggja mat á eigið nám. Nemendur 5. bekkjar fengu einnig tækifæri til sjálfsmats sem og jafningjamats.

## Jákvæður agi

**Námsgögn:** Handbók um jákvæðan aga

**Kennslutilhögun:** Innlagnir, umræður og verkefni tengd viðfangsefni hverju sinni.

**Námsmat:** Símat yfir árið

## Upplýsingartækni

**Námsgögn:** Tölvur, spjaldtölvur, Canva og Padlet



**Kennslutilhögun:** Tengdum notun á tækjum og forritum inn í aðra kennslu eins og í ensku og náttúrufræði.

**Námsmat:** Símat

## Viðburðir

- Göngudagur 13. september. 4. og 5. bekkur gengu frá skólanum og upp göngustíginn að Reykjaheiðarveginum. Þaðan gengum við með læknum og komum upp á 5. braut á golfvöllinum. Borðuðum nesti í náttúrunni rétt við golfvöllinn. Síðan gengum við niður veginn frá golfvöllinum og á slóðina með veginum inn í bæinn og eftir
- Salur hjá 4. bekk 11. okt
- Salur hjá 5. bekk 28. febrúar
- Leiksýning hjá báðum bekkjum/Skoffín og skringilmenni
- Hvalaskoðun 5. bekkur 13. Maí
- Sveitaferð 4. bekkur 13. maí
- Þemadagar að hausti 7.-9. nóv
- Þemadagar að vori 22.-24. apríl
- Litlu jólin 20. des
- Verkstæðisdagur 8. des
- Hvalasafnið 5. bekkur 10. maí
- 5. bekkur með atriði á skólasamkomu 20. og 21. mars
- Ruslahreinsun 6. maí
- Útivistardagur 2. feb

## Teymi 6.-7.

### Íslenska

**Námsgögn:** Málækt 2 og 3, Smellur 2 og 3, Krakkinn sem hvarf, alls konar verkefni sem tengdist inn í Bland í Borgó og ljóð

**Kennslutilhögun:** Innlagnir, einstaklingsvinna, hópvinna, ljóðalestur, Bland í Borgó og sjálfstæð vinnubrögð.

**Námsmat:** Símat, málfræðikannanir, verkefni, vinnuframlag og -bækur

### Stærðfræði

**Námsgögn:** Stika 2a og 2b (grunnbók og æfingahefti) , Stika 3a og 3b (grunnbók og æfingahefti) , ýmis verkefnablöð frá kennara.

**Kennslutilhögun:**

- Innlagnir kennara
- Sjálfstæð vinna eftir áætlun
- Vinna með kennara á töflu
- Hringekja
- Vinnufélagar
- Alltaf með sérkennara og lítill hópur fór þangað.

**Námsmat:** Símat - kaflapróf

**Samfélagsfræði**

**Námsgögn:** Evrópa og Íslandssaga

**Kennslutilhögun:**

- Vinnubókavinna
- Samþætting í Blandi.
- Hópavinna
- Innlögn
- Paravinna
- Einstaklingsvinna

**Námsmat:** Símat og leiðsagnarmat í Bland í Borgó.

**Náttúrufræði**

**Námsgögn:** Náttúrulega 2 og Verkefni í Bland í Borgó frá kennurum

**Kennslutilhögun:** Vinnubókavinna, samþætting í Bland í Borgó, hópa-, para- og einstaklingsvinna, innlagnir og umræður.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat.

**Jákvæður agi**

**Námsgögn:** Handbók um jákvæðan aga og Verkfærakistan frá Vöndu, Ýmsir leikir og efni fundið á netinu

**Kennslutilhögun:**

- 1 kennslustund í viku
- Bekkjarfundir
- Leikir



- Hópaverkefni
- Einstaklingsverkefni

**Námsmat:** Þátttaka í umræðum. Þátttaka í diskóundirbúningi og á diskóunum sjálfum, þátttaka í skólaleikriti, hópavinna

## Enska

### Námsgögn:

- Yes we can 5
- Enskar málfræðiæfingar B og C
- Jumanji léttlestrarbók + verkefni
- Polar Express léttlestrarbók + verkefni
- Annað efni fundið til eða búið til af kennara s.s.
- Myndbönd, þættir (The best worst weekend ever), útprentanlegar æfingar, gagnvirkar æfingar, rafræn verkefni o.fl.
- Yes we can 7
- Billy Elliot bók
- Polar Express Bók

### Kennslutilhögun:

- Verkefnabók
- Áhorf
- Lestur á bókmenntum
- Hlustunaræfingar
- Ýmis útprentuð verkefni frá kennara
- Málfræðiæfingar

**Námsmat:** Símat, virkni í tímum, stöðumat.

## Danska

### Námsgögn:

- START, lesbók og vinnubók
- Ýmist efni fundið/búið til af kennara
- Spil
- Þættirnir Mille
- Internetið

**Kennslutilhögun:** Kennslustundir voru 45 - 60 mínútur á viku. Markmið dönskukennslu í 7. bekk í vetur var að kveikja áhuga nemenda á dönsku. Var það gert með ýmsum námsleikjum og



verkefnum. Efnisþættirnir voru ákvarðaðir út frá START en þeir voru: Sjálfkynning; Líkaminn; Fatnaður og litir; Dagarnir; Tölurnar. Við horfðum svo á nokkra þætti af Mille

**Námsmat:** Í vetur var stuðst við símat þar sem fylgst var með virkni og áhuga í tímum. Tvö námsmatsverkefni voru lögð fyrir

### Viðburðir

- List fyrir alla - sæskrímflasmiðjur      Fengum heimsókn og föndruð voru sæskrímli
- Þörungafræðsla á Hvalasafnið
- Salur 6. bekkjar      Settum upp leikrit eftir bók sem við lásum í yndislestri.
- Skúli - netöryggi
- Þemadagar - Astrid lindgren      Vorum með vinabekkjunum okkar
- 6. bekkur: Endurlífgun      Díana skólahjúkrunarfræðingur sá um það
- Verkstæðisdagur      klósettpappírstjörnur og krans úr pípuhreinsum
- 6. bekkur: kynfræðsla      Díana skólahjúkrunarfræðingur sá um það
- Útivistardagur
- Skólasamkoma
- Öskudagsball      Foreldrar sáu um ballið, í skólanum var nýtt skraut úbúið.
- Bjarni Fritz lestrarhvatning
- Þemadagar - 6H heilsunnar      Frábærir þemadagar!
- List fyrir alla - leiksýning      Óperusýning sem vakti ekki áhuga nemenda.
- Skólaferðalag 7. bekkjar      Farið var til Akureyrar og ýmislegt brallað.



- Göngudagurinn - Við gengum frá skólanum út í Kaldbak, stoppuðum þar og borðuðum nesti, gengum svo yfir að ruslahaugum og þar upp að hjöllumum, niður hjá golfvelliinum og stoppuðum á Hjarðarhólstúninu og fengum okkur grillaðar pylsur heima hjá Óskari og þaðan í skólann.

## 8.bekkur

### Íslenska

#### Námsgögn:

- Gísla saga
- Smásögur: Á rás, Húslausi húsvörðurinn
- Útbrot
- Dalalíf
- Ritunarbókin
- skolavefurinn.is
- Málið í mark
- Ýmis verkefni
- Kappsmál
- Ferðalok - Auður djúpúðga
- Orðbragð
- Kjörbækur og kjörbókaverkefni
- Skólablaðið mms.is

**Kennslutilhögun:** Kennt í 2 skólastofum og voru tveir námshópar. Hver námshópur var eina viku hjá hverjum kennara og skipta svo. Tvær kennslustundir í viku í hefbundinni kennslu og tvær kennslustundir í samþættingu (Bland í Borgó) í Blandinu voru 3-4 tímar í lotufrii og voru tvær íslenskulotur yfir skólaárið.

#### Námsmat:

- Tímaverkefni
- Símat
- Kannanir
- Framsögn
- Verkefnavinna
- Verkefnaskil

### Stærðfræði

#### Námsgögn:



- Átta-tíu 1
- Átta-tíu 2
- Skali 1a
- Skali 1b
- Almenn stærðfræði I og II

### Efnisþættir

- Hringir og hyrningar
- Algebra og jöfnu
- Almenn brot
- Tugabrot og prósentur
- Tölur og talnareikningur
- Hlutföll
- Líkindi
- Rúmfræði

**Kennslutilhögun:** Stærðfræðimarkmiðunum er skipt upp í lotur og fengu nemendur áætlun yfir hverja lotu þar sem fram kom hvaða markmiðum var verið að vinna að, hvaða dæmi þurfti að leysa og hvernig námsmat lotunnar yrði. Innlagnir og/eða glósur voru í upphafi hvorrar lotu og hugtakavinna og umræðutímar eftir þörfum. Mismunandi var hvernig unnið var með hópinn en oftast var unnið með hvern árgang í tveimur námshópum og teknir út litlir námshópar með þriðja kennaranum. Reglulega voru þrautir og þrautalausnir. Nemendur nýttu kennslustundir til að vinna eftir áætlun eða vinna að tímaverkefni sem kennarar settu fyrir. Í tímum var lögð áhersla á vönduð vinnubrögð og umræður um stærðfræðileg verkefni.

**Námsmat:** Námsmat var símat. Verkefni voru ýmist unnin einstaklingslega eða í pörum/hópum eftir hvern efnisþátt og litað í markmið á hæfnikortum nemenda jafnóðum á Mentor.

### Náttúrugreinar

#### Námsgögn:

- Lífheimurinn
- Efni á netinu
- Contagion - mynd

#### Kennslutilhögun:

Náttúrufræði er kennd í samþættingu námsgreina. Tveir kennarar halda utan um hæfniviðmið náttúrugreina við gerð verkefna og í lotum. Kennslutilhögun í lotum var þannig að nemendur



skiluðu ákveðnum fjölda kjarnaverkefna og ákveðnum fjölda valverkefna. Tvær lotur voru tileinkaðar náttúrugreinum á skólaárinu og voru þær báðar 3 vikur.

Í lotu fríum voru kenndar 2x kennslustundir á viku í náttúrugreinum.

Efnisþættir sem unnið var með í náttúrugreinalotum voru líffræðilegur fjölbreytileiki, hryggdýr og hryggleysingar, bakteríur og veirur.

### **Námsmat:**

Verkefni í lotum í samþættingu námsgreina (Bland í Borgó). Einstaklingsverkefni, samvinnu- og hópverkefni. Markmið verkefna voru metin jafnóðum á Mentor.

## Enska

### **Námsgögn:**

- Spotlight 8 lesbók & vinnubók
- Wonder
- Coach Carter – mynd

**Kennslutilhögun:** Það voru tveir enskutímar á viku á þessu skólaári. Enskumarkmiðunum var skipt upp í nokkra námsþætti, eins og málfræði, hlustun, ritun, skilningur og frásögn. Í hverri lotu fengu nemendur að vita hvaða markmiðvoru undir. Það var misjafnt hvernig hver lota hófst. Ýmist með innlögnum, umræðum eða einhverju slíku. Mismunandi var hvort allur árgangurinn var saman eða tvískiptur, það fór eftir viðfangsefni að hverju sinni.

Í tímum var lögð áhersla á vönduð og skapandi vinnubrögð, frumkvæði, sjálfstæði.

**Námsmat:** Námsmat var símat. Ýmis verkefni unnin, annaðhvort einstaklingsverkefni eða hópverkefni. Yfirleitt var námsmat eftir hvern efnisþátt. Markmið og einkunnir voru birt á Mentor.

## Danska

### **Námsgögn:**

- SMART, lesbók og vinnubók.
- Tak A lesbók og vinnubók



- Bordbome
- Grammatik
- Þættir: Skyldig 3
- Lagatextar
- <https://danskherognu.dk>
- [www.dr.dk](http://www.dr.dk)

**Kennslutilhögun:** Dönskutímarnir voru tveir á viku. Tveir kennarar og tveir námshópar. Hver námshópur er eina viku hjá hverjum kennara og svo er skipt.

#### Námsmat:

- Símat reglulega yfir önnina.
- Ýmis verkefni, munnleg og skrifleg.
- Hlustunarverkefni.
- Hópaverkefni
- Einstaklingsverkefni

## 9. bekkur

### Íslenska

#### Námsgögn:

- Gísla saga
- Smásögur: Á rás, Húslausi húsvörðurinn
- Útbrot
- Dalalíf
- Ritunarbókin
- skolavefurinn.is
- Málið í mark
- Ýmis verkefni
- Kappsmál
- Ferðalok - Auður djúpúðga
- Orðbragð
- Kjörbækur og kjörbókaverkefni
- Skólablaðið mms.is

**Kennslutilhögun:** Kennt í 2 skólastofum og voru tveir námshópar. Hver námshópur var eina viku hjá hverjum kennara og skipta svo. Tvær kennslustundir í viku í hefbundinni kennslu og tvær kennslustundir í samþættingu (Bland í Borgó) í Blandinu voru 3-4 tímar í lotufrii og voru tvær íslenskulotur yfir skólaárið.

#### Námsmat:



- Tímaverkefni
- Símat
- Kannanir
- Framsögn
- Verkefnavinna
- Verkefnaskil

## Stærðfræði

### Námsgögn:

- Átta-tíu 3
- Átta-tíu 4
- Almenn stærðfræði II
- Almenn stærðfræði III
- Átta-tú nr.5(bls 23-37)

### Efnisþættir

- Tölur og veldi
- Rými
- Algebra
- Jöfnur og gröf
- Prósentur
- Hlutföll
- Tölfræði og líkindi
- Hringir
- Tölur og talnafræði

**Kennslutilhögun:** Stærðfræðimarkmiðunum er skipt upp í lotur og fengu nemendur áætlun yfir hverja lotu þar sem fram kom hvaða markmiðum var verið að vinna að, hvaða dæmi þurfti að leysa og hvernig námsmat lotunnar yrði. Innlagnir og/eða glósur voru í upphafi hvernar lotu og hugtakavinna og umræðutímar eftir þörfum. Mismunandi var hvernig unnið var með hópinn en oftast var unnið með hvern árgang í tveimur námshópum og teknir út litlir námshópar með þriðja kennaranum. Reglulega voru þrautir og þrautalausnir. Nemendur nýttu kennslustundir til að vinna eftir áætlun eða vinna að tímaverkefni sem kennarar settu fyrir. Í tímum var lögð áhersla á vönduð vinnubrögð og umræður um stærðfræðileg verkefni.

**Námsmat:** Námsmat var símat. Verkefni voru ýmist unnin einstaklingslega eða í þörum/hópum eftir hvern efnisþátt og litað í markmið á hæfnikortum nemenda jafnóðum á Mentor.



## Náttúrufræði

### Námsgögn:

- Mannlíkaminn - námsbók.
- Fáðu já
- Efni á netinu

**Kennslutilhögun:** Náttúrufræði er kennd í samþættingu námsgreina. Tveir kennarar halda utan um hæfniviðmið náttúrugreina við gerð verkefna og í lotum. Kennslutilhögun í lotum var þannig að nemendur skiluðu ákveðnum fjölda kjarnaverkefna og ákveðnum fjölda valverkefna. Tvær lotur eru tileinkaðar náttúrugreinum á skólaárinu og voru þær báðar 3 vikur. Í lotu-fríum voru kenndar 2x kennslustundir á viku. Efnispættir sem unnið var með í náttúrugreinalotum voru mannlíkaminn, hlutverk líffæra og líffærakerfa. Almenn kynfræðska og ábyrg kynhegðun.

**Námsmat:** Verkefni í lotum í samþættingu námsgreina (Bland í Borgó). Einstaklingsverkefni, samvinnu- og hópverkefni. Markmið verkefna voru metin jafnóðum á Mentor.

## Enska

### Námsgögn:

- Spotlight 9 lesbók og vinnubók
- Forrest Gump lesbók
- Love Actually lesbók
- Kvikmyndirnar Forrest Gump og Love Actually og The Sixth sense.

**Kennslutilhögun:** Það voru tveir enskutímar á viku á þessu skólaári. Enskumarkmiðunum var skipt upp í nokkra námsþætti, eins og málfræði, hlustun, ritun, skilningur og frásögn. Í hverri lotu fengu nemendur að vita hvaða markmið voru undir. Það var misjafnt hvernig hver lota hófst. Ýmist með innlögn, umræðum eða einhverju slíku. Mismunandi var hvort allur árgangurinn var saman eða tvískiptur, það fór eftir viðfangsefni að hverju sinni. Í tímum var lögð áhersla á vönduð og skapandi vinnubrögð, frumkvæði, sjálfstæði.

**Námsmat:** Ýmis verkefni unnin, annað hvort einstaklingsverkefni eða hópverkefni. Yfirleitt var námsmat eftir hvern efnispátt. Markmið og einkunnir voru birt á Mentor.

## Danska

### Námsgögn:



- SMIL, lesbók og vinnubók.
- Tænk lesbók og vinnubók
- Dejlige Danmark
- Smásaga: Alarm
- Grammatik
- Bordbombe
- Þættir: Klassen og fleiri.
- Lagatextar
- <https://danskherognu.dk>
- [www.dr.dk](http://www.dr.dk)

**Kennslutilhögun:** Dönskutímarnir voru tveir á viku. Tveir kennarar og tveir námshópar. Hver námshópur er eina viku hjá hverjum kennara og svo er skipt.

#### Námsmat:

- Símat reglulega yfir önnina.
- Ýmis verkefni, munnleg og skrifleg.
- Hlustunarverkefni.
- Hópaverkefni
- Einstaklingsverkefni

## 10. bekkur

### Íslenska

#### Námsgögn:

- Gísla saga
- Smásögur: Á rás, Húslausi húsvörðurinn
- Útbrot
- Löggulíf
- Ritunarbókin
- skolavefurinn.is
- Málið í mark
- Ýmis verkefni
- Ljóð og textar
- Ferðalok - Auður djúpúðga
- Heimildir - Ritver
- Kappsmál
- Orðbragð
- Kjörbækur og kjörbókaverkefni
- Djöflaeyjan



**Kennslutilhögun:** Kennt í 2 skólastofum og voru tveir námshópar. Hver námshópur var eina viku hjá hverjum kennara og skipta svo. Tvær kennslustundir í viku í hefbundinni kennslu og tvær kennslustundir í samþættingu (Bland í Borgó) Í Blandinu voru 3-4 tímar í lotufríi og voru tvær íslenskulotur yfir skólaárið.

#### Námsmat:

- Tímaverkefni
- Símat
- Kannanir
- Framsögn
- Verkefnavinna
- Verkefnaskil

#### Stærðfræði

##### Námsgögn:

- Átta-tíu 5
- Átta-tíu 6
- Almenn stærðfræði III
- Skali 3a

##### Efnisþættir:

- Tölur og talnafræði
- Rúmfræði
- Líkur
- Reikningur og algebra
- Algebra og jöfnur
- Horn, þríhyrningar og einslögun
- Fjármál
- Jöfnuhneppi

**Kennslutilhögun:** Stærðfræðimarkmiðunum er skipt upp í lotur og fengu nemendur áætlun yfir hverja lotu þar sem fram kom hvaða markmiðum var verið að vinna að, hvaða dæmi þurfti að leysa og hvernig námsmat lotunnar yrði. Innlagnir og/eða glósur voru í upphafi hvers lotu og hugtakavinna og umræðutímar eftir þörfum. Mismunandi var hvernig unnið var með hópinn en oftast var unnið með hvern árgang í tveimur námshópum og teknir út litlir námshópar með þriðja kennaranum. Reglulega voru þrautir og þrautalausnir. Nemendur nýttu kennslustundir til að vinna eftir áætlun eða vinna að tímaverkefni sem kennarar settu fyrir. Í tímum var lögð áhersla á vönduð vinnubrögð og umræður um stærðfræðileg verkefni.



**Námsmat:** Námsmat var símat. Verkefni voru ýmist unnin einstaklingslega eða í pörum/hópum eftir hvern efnispátt og litað í markmið á hæfnikortum nemenda jafnóðum á Mentor.

## Náttúrugreinar

### Námsgögn:

- Efnisheimurinn - námsbók.
- Eðlisfræði 2 - námsbók.
- Um víða veröld
- Efni á netinu, s.s. Youtube og Vísindavefurinn.

**Kennslutilhögun:** Náttúrufræði er kennd í samþættingu námsgreina. Tveir kennarar halda utan um hæfniviðmið náttúrugreina við gerð verkefna og í lotum. Kennslutilhögun í lotum var þannig að nemendur skiluðu ákveðnum fjölda kjarnaverkefna og ákveðnum fjölda valverkefna. Tvær lotur eru tileinkaðar náttúrugreinum á skólaárinu og voru þær báðar 3 vikur. Í lotu-fríum voru kenndar 2x kennslustundir á viku. Efnispættir sem unnið var með í náttúrugreinalotum var grunnatriði í efnafræði, lotukerfið, orkugjafar, orkunotkun, sjálfbær þróun, gróðurhúsaáhrif

**Námsmat:** Verkefni í lotum í samþættingu námsgreina (Bland í Borgó). Einstaklingsverkefni, samvinnu- og hópverkefni. Markmið verkefna voru metin jafnóðum á Mentor.

## Enska

### Námsgögn:

- Spotlight 10 lesbók og vinnubók
- Gladiator – bókmenntir
- Slumdog millionaire – bókmenntir

**Kennslutilhögun:** Það voru tveir enskutímar á viku á þessu skólaári. Enskumarkmiðunum var skipt upp í nokkra námsþætti, eins og málfræði, hlustun, ritun, skilningur og frásögn. Í hverri lotu fengu nemendur að vita hvaða markmið voru undir. Það var misjafnt hvernig hver lota hófst. Ýmist með innlögnum, umræðum eða einhverju slíku. Mismunandi var hvort allur árgangurinn var saman eða tvískiptur, það fór eftir viðfangsefni að hverju sinni. Í tímum var lögð áhersla á vönduð og skapandi vinnubrögð, frumkvæði, sjálfstæði.

**Námsmat:** Ýmis verkefni unnin, annað hvort einstaklingsverkefni eða hópverkefni. Yfirleitt var námsmat eftir hvern efnispátt. Markmið og einkunnir voru birt á Mentor.



## Danska

### Námsgögn:

- EKKO, lesbók og vinnubók.
- Ýmis gögn frá kennara.
- Málfræðiverkefni.
- Grammatik
- Bordbombe
- Smásaga: Den nye lærer
- Þættir: hinir ýmsu þættir
- Lagatextar
- <https://danskherognu.dk>
- [www.dr.dk](http://www.dr.dk)

**Kennslutilhögun:** Dönskutímarnir voru tveir á viku. Tveir kennarar og tveir námshópar. Hver námshópur er eina viku hjá hverjum kennara og svo er skipt.

### Námsmat:

- Símat reglulega yfir önnina.
- Ýmis verkefni, munnleg og skrifleg.
- Hlustunarverkefni.
- Hópaverkefni
- Einstaklingsverkefni

### Viðburðir á unglingastigi

sept	Göngudagurinn
okt	Jól í skókassa - bekkjarkvöld
okt	Halloween
nóv	Dagur gegn einelti
des	Verkstæðirdagurinn
des	Piparkökuhúsakeppni
feb	Þorrablót
Mars	Bjarni Fritzon - fyrirlestur



apríl	Árshátíð
maí	10.bekkjjar ferðalag
maí	Íþróttadagurinn
maí	Fiðringur
Maí	Skólahreysti

## Kennsluskýrslur - Skólaíþróttir, list og verkgreinar

### Heimilisfræði

**2.-3. bekkur:** Heimilisfræði var kennd í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 9 – 10 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir. Við notuðum bækurnar Hollt og gott 2, Heimilisfræði 3 og Ungafólkið og eldhússtörfin. Við reyndum að byggja á þessum bókum og áherslu á hreinlæti og mikilvægi hollrar næringar. Verkefni vetrarins voru meðal annars: vöflur, kryddbrauð, slöngupylsur, kjötbollur, lummur, muffins, brauðbollur, regnbogasúpa, sítrónukaka, trallakökur, holubrauð, kókoskúlur, hafrabita, bananabrauð, brauðbakstur við opinn eld.

Námsmat er fyrst og fremst símat og mat á einstökum verkefnum.

**4.-5. bekkur:** Kennt var í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 9 - 12 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir. Í vetur voru aðallega notaðar Gott og gagnlegt 1, Hollt og gott 3, Heimilisfræði 4 sem dekkja fjölbreyttar uppskriftir og bóklega vinnu þar sem áhersla er lögð á næringarefni ávaxta og grænmetis, umhverfisvernd og þvott. Verkefni vetrarins voru meðal annars: T.d. vöflur, kryddbrauð, ítalskar kjötbollur, hjónabandsæla, pasta, lummur, eggjabrauð, perukaka, núðlusúpa, hafragrautur, fiskur í eigin soði, kókoskúlur, hnútar, afmælis muffins, eplakaka, sumarbrauð, sparikökur, grill og bakstur við opinn eld. Námsmat er fyrst og fremst símat og mat á einstökum verkefnum.



**6.-7. bekkur:** Kennt var í 6 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 9 - 11 nemendum.

Hóparnir voru árgangaskiptir. Í vetur notuðum við Gott og gagnlegt 2 + vinnubók, Gott og gagnlegt 3 + vinnubók, Ungafólkið og eldhússtörfín, Sorpið okkar og nokkrar af bókum Hagkaupa. Áhersla var á góða nýtingu á orkugjöfum heimilissins, minnka og stækka uppskriftir. Sjálfbærni og náttúruvernd, fylla út næringartöflur, fæðuflokkana, orkuefnin, meðferð og geymslu matvæla, örverur og virkni þeirra, kornvörur og krydd. Verkefni vetrarins voru meðal annars: pönnukökur, brauðvafningar, chilifiskur, hjónasæla, tebollur, mexíco-kjötréttur, smábrauð, eggjakaka, minestrónesúpa, kanilsnúðar, súkkulaðikaka, gerbrauð, kryddkaka, framandi fiskur, rúgskonsur, nautapottréttur með pasta, súkkulaði kókoskúlur m/perlusykri, partýbollur, welsbollur, skrautbrauð, skúffukaka, pylsuspjót, rúlluterta. Námsmat er fyrst og fremst símat og mat á einstökum verkefnum.

**Valgrein 8.-10. bekkur:** Í vetur vorum við blandaða hópa úr þessum bekkjum og fórum yfir flestar aðferðir við bakstur og reyðum að elda fjölbreitt bæði kjöt og fisk. Kynntum okkur aðeins kínverska matargerð. Skemmtilegt var líka að leyfa krökkunum að takast á við að elda úr völdum hráefnum án uppskrifta og skapa allt sjálf. Verkefni vetrarins voru meðal annars: medesterpulsa með kartöflumús, silungsréttur með brauði, skúffukaka, kryddstangir, pönnukökur, muffins, fiskbollur, skinkuhorn, kínverskur kjötréttur með ostrusósu og grænmeti, skapa sjálf hakkrétt án uppskriftar, sírópstygglar, kínverskur núðluréttur. Námsmat er fyrst og fremst símat og mat á einstökum verkefnum.

## Smíðar

**2.-3. bekkur:** Kennt var í 5 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 9 - 12 nemendum.

Hóparnir voru árgangaskiptir. Verkefni vetrarins voru meðal annars:

hönnun og smíði leikfangabáts, leynikassi, kertastjaki, tangramspil, tálgun, smjörhnífur, lyklakippa eða bókamerki úr leðri og verkefni eftir eigin hugmynd/áhuga. Námsmat var í formi símats þar sem matsþættir voru: Kunnátta, áhugi, hegðun og virkni í kennslustund.

**4.-5. bekkur:** Kennt var í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 10 - 13 nemendum.

Hóparnir voru árgangaskiptir. Verkefni vetrarins voru meðal annars: vinna með horn og bein, tálgun, hönnun og smíði pennastatífs, Teikning í PAINT (samvinnuverkefni textílmenn),



blaðagámur (skreyttur eftir eigin hugmyndum, gerðum stensil með vinylskeranum), standani púsl, frjálst verkefni. Námsmat var í formi símats þar sem matsþættir voru: Kunnátta, áhugi, hegðun og virkni í kennslustund.

**6.-7.bekkur:** Kennt var í 6 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 11 - 13 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir. Verkefni vetrarins voru meðal annars: brauðbretti eftir eigin hugmynd, þorratrog (skreytt eftir eigin hugmyndum, gerðum stensil með vinylskeranum), frjálst verkefni. Námsmat var í formi símats þar sem matsþættir voru: Kunnátta, áhugi, hegðun og virkni í kennslustund.

### **Valgrein 8.-10. bekkur**

**Smíðaval** var kennt 2\*1 klst í viku báðar annir. Hópurinn var blandaður úr öllum árgöngum og samanstóð af 10-12 nemendum. Verkefni vetrarins voru hönnun og smíði lampa og verkefni eftir eigin hugmynd/áhuga. Námsmat var í formi símats þar sem matsþættir voru: Kunnátta, áhugi, hegðun og virkni í kennslustund.

**Fab lab- val** var kennt 1 klst í viku báðar annir. Hópurinn var blandaður úr öllum árgöngum og samanstóð af 4-9 nemendum. Verkefni vetrarins voru grunnatriði í Inkscape, Prusa Slicer og Ultimaker, hönnun og vinnsla ýmissa hluta í Inkscape, vinnuferill frá eigin hugmynd í tilbúinn hlut, vinna með laserskeranum og 3D-prentara (Prusa, Ultimaker og Bamboo). Námsmat var í formi símats þar sem matsþættir voru: Kunnátta, áhugi, hegðun og virkni í kennslustund.

## **Textílmennt**

**2.-3.bekkur:** Textílmennt var kennd í 5 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 9 – 12 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir. Verkefni vetrarins voru: Hjá 2.bekk, fígúra suamuð úr tvöföldu efni, vefblóm og fingrprjón. Hjá 3.bekk, spýtuórói eða vefstafur, bókamerki og draugadúskur, fingrprjón, vinarbönd og frjáls saumaverkefni ásamt frjálsum verkefnum. Námsmat var í formi símats þar sem matsþættir voru: Kunnátta, áhugi, hegðun og virkni í kennslustund.

**4.-5.bekkur:** Textílmennt var kennd í 7 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 10-13 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir. Verkefni vetrarins voru hjá 4.bekk Sundpoki skreyttur með mynd teiknaðri í Inkscape. Stafir saumaðir út með aftursting. Frjáls saumaverkefni. Hjá



5.bekk Garnlistaverk - "teiknað" með garni, fígúrir gerðar með nálarþæfingu, frjálst saumaverkefni, krosssaumur, fingraprjón og vinaarmbönd. Námsmat var í formi símats þar sem matsþættir voru: Kunnátta, áhugi, hegðun og virkni í kennslustund.

**6.-7.bekkur:** Textílmennt var kennd í 6 vikur, 3 klst í viku. Hver hópur samanstóð af 11-13 nemendum. Hóparnir voru árgangaskiptir. Verkefni vetrarins voru hjá 6.bekk: Grunnur í prjóni (prjóna stykki og ráða sjálf hver niðurstaðan verður). Endurnýtt efni litað og úr því saumaður púði og/eða grænmetisþoki. Kynntust hekli og gerðu vinaarmbönd og hjá 7.bekk: Ofið vegghengi. Útbjuggu mynstur með dúkristun og færðu yfir á efni. Nálarþæfing. Frjáls saumaverkefni.

Námsmat var í formi símats þar sem matsþættir voru: Kunnátta, áhugi, hegðun og virkni í kennslustund.

**Valgrein 8.-10. bekkur:** Nemendur kynntust grunnaðferðum í hekli og þjálfuðust í dúlluhekli. Eftir það fengu þau frjálst val um textílverkefni (haust '22). Nemendur fengu frjálst val um verkefni annarinnar. Við nýttum okkur útsaumsvélina í Fablab í einum tímanum (vor'23).

## Sjónlistir

**1. bekkur:** Sjónlistir voru kenndar 1,5 klst á viku. Nemendum var skipt í misstóra hópa. Allir fengu 1/2 klst á viku. Stundum var í boði að velja sjónlistir á móti öðrum verkefnum hjá bekkjarkennurum og vera í 1 klst. Verkefni vetrarins voru meðal annars: Bekkjarsáttmáli, Húsavík bærinn minn Haustið – litatónar, Frumformin, Sjálfsmynd, Geisladiskafiskur, Klippiverkefni úr gömlum bókum

Fuglar himinsins, Gluggamyndir teiknaðar á plast, Moominálfarnir, Munsturverkefni, Leikur að perlum. Námsmat var í formi símats þar sem tekið var mið af áhuga, vinnusemi, vinnubrögðum, framförum og hegðun.

**2.-3. bekkur:** Sjónlistir voru kenndar í 5 vikur, 3 klst í viku. Hóparnir samanstóðu af 9-12 nemendum og voru árgangaskiptir. Verkefni vetrarins voru: "Bekkjarsáttmáli, Moominálfarnir, Laufblaðaverkefni, Leirsnigill, leirskál, sjálfsmynd, Munsturgerð, Regnboginn, Klippiverkefni úr gömlum bókum, Málað á gamlar bækur, Ormar og frumlitirnir, Jákvæða einveran mín og Skilaboðaskjóðan. Námsmat var í formi símats þar sem tekið var mið af áhuga, vinnusemi, vinnubrögðum, framförum og hegðun.



**4.-5. bekkur:** Sjónlistir voru kenndar í 7 vikur, 3 klst í viku. Hóparnir samanstóðu af 10-13 nemendum og voru árgangaskiptir. Verkefni vetrarins voru sjálfsmynd, andlitsmynd í anda Pablo Picasso Moominálfarnir, litahringurinn, Skilaboðaskjóðan, málað á gamlar bækur, tilfinningahjólíð Skrímsli, munsturverkefni, leirverkefni, geisladiskalistaverk, leikur að perlum. Námsmat var í formi símats þar sem tekið var mið af áhuga, vinnusemi, vinnubrögðum, framförum og hegðun.

**6.-7. bekkur:** Sjónlistir voru kenndar í 6 vikur, 3 klst í viku. Hóparnir samanstóðu af 11-13 nemendum og voru árgangaskiptir. Verkefni vetrarins voru: andlitsmynd í anda Pablo Picasso Moominálfarnir Litahringurinn -ýmis verkefni, málað á gamlar bækur, leirverkefni, munsturverkefni, leikur að perlum, geisladiskalistaverk, furðufuglar úr flöskum og pappadiskum. Námsmat var í formi símats þar sem tekið var mið af áhuga, vinnusemi, vinnubrögðum, framförum og hegðun.

## Íþróttir

**1.-3. bekkur:** Nemendum í 1-3. bekk var kennt tvisvar í viku 60 mínútur í senn. Báðar kennslustundir fóru fram í íþróttarhöllinni á Húsavík undir stjórn tveggja kennara/leiðbeinenda þar sem öllum árganginum var kennt í senn.

Viðfangsefni kennslustunda voru fjölbreytt, farið var í hópíþróttir, einstaklingsíþróttir og leiki. Þar að auki gerði nemendum æfingar sem þjálfuðu hreyfiþroska á einn eða annan hátt. Lagt var upp með því að hámarka virkni nemenda með öll kennsla var skipulögð með það í huga. Nemendur unnu töluvert í litlum hópum bæði á stöðvum og í hólfum. Reynt var eftir bestu getu að gæta þess að nemendur fengju viðfangsefni við sitt hæfi.

Hæfniviðmið Aðalnámskrár grunnskóla voru rauði þráðurinn í námsmati nemenda þar sem fjölbreyttar æfingar voru gerðar til þess að meta hæfni nemenda. Æfingar voru valdar með hreyfiþroska hvers aldurshóps í huga. Námsmatið sjálft fór bæði fram í gegnum leik, á stöðvum og á afmörku svæði með kennara, allt eftir eðli þess. Huglægir þættir á borð við samskiptahæfni og vinnusemi voru einnig hluti af námsmati nemenda, þar sem enn og aftur var horft til hæfniviðmiða Aðalnámskrár grunnskóla.



**4. – 10. bekkur:** Nemendur í 4-10.bekk fengu eina 60 mín kennslustund á viku að undanskildum nemendum í 10.bekk sem stóð til boða að fá auka kennslustund ef þeir höfðu lokið námsmati í sunni (fyrir nemendur í 10.bekk) vorið áður. Rétt eins og hjá yngri nemendum fóru kennslustundir fram í íþróttahúsinu á Húsavík undir stjórn tveggja kennara/leiðbeinanda.

Viðfangsefnin voru fjölbreytt, farið var bæði í hóp- og einstaklingsíþróttir ásamt fjölda leikja, þar að auki fengu nemendur tækifæri til að prófa klifur og læra hina ýmsu dansa. Skipulag kennslustunda var að ýmsum toga þar sem nemendum var skipt í minni hópa og farið í mismunandi íþróttir og leiki eða ein íþrótt iðkuð í gegnum sérhæfðari æfingar. Reglur í einstaka íþróttum voru sniðnar að hæfni nemenda og allt gert til þess að allir gætu tekið þátt á jafningjagrundvelli.

Rétt eins og hjá yngri nemendum var horft til hæfniviðmiða Aðalnámskrár grunnskóla í öllu námsmati. Nemendur í 4.bekk gegnu í gegnum sambærilegt námsmat og nemendur í 1-3.bekk þar sem fjölbreyttar æfingar voru notaðar til þess að meta hæfni þeirra. Þessi hluti námsmatsins fór yfirleitt fram á afmörkuðu svæði í viðurvist kennara. Stöðluð próf voru svo notuð til að meta hæfni nemenda í 5-10.bekk í flokki líkamsvitundar, leikni og afkastagetu. 12 mín Cooper - test var notað til þess að meta loftháð þol nemenda. Viðmið prófanna eru stöðluð og taka tillit til kyns og aldurs nemenda. Hjá nemendum í 5-7.bekk var planki notaður til að meta hæfni nemenda til að gera æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlíma og bols. Hjá nemendum í 8-10.bekk voru armbeygjur notaðar til þess að kanna hæfni nemenda til að gera stryktaræfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald á hreyfingu. Planki var notaður til þess að meta hæfni nemenda til að gera stryktaræfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald í kyrrstöðu. Huglægir þættir á borð við samskiptahæfni innan sem utan vallar var einnig hluti af námsmati nemenda, þar hæfniviðmiða Aðalnámskrár grunnskóla voru aftur höfð til hliðsjónar. Þar að auki höfði þátttaka, virkni og mæting áhrif á námsmat.

Þegar kom að auka kennslustund nemenda í 10. bekk voru viðfangsefnin valin eftir óskum nemenda sem hófu skólaárið á því að skrifa samsviskusamlega niður hvað það var sem þau vildu gera í kennslustundunum. Reynt var eftir bestu getu að fara eftir óskum allra.

Þetta skólaárið skipulögðu og stýrðu íþróttakennarar handboltamóti fyrir nemendur í 8-10. bekk. Mótið fór fram 19. janúrar og hver bekkur telfdi fram 1-2 liðum sem íþróttakennarar sáu um að



skipa. Þeir nemendur sem ekki vildu keppa fengu hlutverk tengd mótshaldi, þetta voru meðal annars línuverðir, mopparar, liðsstjórar og öryggisverðir svo fátt eitt sé nefnt. Þrátt fyrir ósætti með dómgæslu og úrslit mótsins myndaðist mikil stemming bæði meðal nemenda og starfsfólks.

## Sund

**1.-3. bekkur:** Nemendur í 2-3.bekk fara bæði í sund að hausti og voru. Kennit er samfleitt í 10.daga í senn og hver kennslustund er 40 mín. Hverjum árgangi er skipt í 2-3 hópa eftir fjölda nemenda. Kennslan fer fram undir stjórn tveggja kennara sem báðir eru ofan í sundlauginni með hópnun. Nemendur í 1.bekk fá eingöngu sundkennslu að vori en með sama fyrirkomulagi og lýst er hér að ofan. Nemendur í 1-2.bekk er fylgt upp í sundlaug og til baka en nemendur í 3.bekk koma sér sjálfir á milli staða nema um sérstök tilfelli sé að ræða.

Í 1.bekk var lögð áhersla á öryggi nemenda í vatni og farið var yfir fótatök í skriðsundi, baksundi, bringusundi og skólabaksundi. Þar að auki lærðu nemendur að fljóta og kafa svo fátt eitt sé nefnt. Í öðrum og þriðja bekk var byggt ofan á fyrri þekkingu, armtöku einstaka sunaðferða var bætt við ásamt annari hæfn á borð við stungur úr kropstöðu. Námsmat var í formi leiðsagnarmats og kennarar fylgudst með og skráðu niður hæfni nemenda jafn og þétt yfir tímabilið.

**4.-10. bekkur:** Nemendur í 4-10.bekk fá eina 60 mín kennslustund í viku. Þeirra sundkennsla hefst að lokum sundkennslu nemenda í 1-3.bekk og henni lýkur þegar námskeið hefjast að nýju að vori. Námsmat nemenda og viðfangsefni kennslustundanna eru byggð á hæfniviðmiðum Aðalnámskrá grunnskóla. Rétt eins og hjá yngri nemendum er námsmat í formi leiðsagnarmats og fór fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Þar að auki hafi mæting, virkni og þátttaka áhrif á námsmat nemanda.

Nemendur í 9.bekk fengu tækifæri til að reyna við námsmat 10.bekkjara. Þeir nemendur sem stóðust alla þætti námsmatsins og mættu að í lámarki 80% kennslustunda fá val um hvort þeir fari í sundkennslu í 10.bekk eða mæti í auka íþróttatíma einu sinni í viku.

### **Valgrein 8.-10. bekkur**

**Skólahreysti:** Haustið 2023 var boðið upp á skólahreysti val þar sem nemendum í 8-10.bekk stóð til boða að mæta í Smiðjuna einu sinni í viku og gera æfingar tengdar skólahreysti undir stjórn Selmdísar íþróttakennara. Á vorönn var boðið upp á samskonar val, þar að auki voru haldnar opnar prufur fyrir þá nemendur sem höfðu áhuga á að keppa fyrir hönd skólans í Skólahreysti.



Undankeppni var haldin um mánaðarmót janúar og febrúar og keppnislið skólahreystis valdir í kjölfar hennar. Seinna á árinu komu upp meiðsli hjá liðsmanni og því þurfti að sækja um undanþágu til þess að tefla fram keppenda úr 8. bekk. Undanþága var veitt með ströngum skilyrðum.

Keppnin fór fram þriðjudaginn 30. apríl klukkan 17:00 í íþróttarhöllinni á Akureyri. Nokkrum dögum fyrir keppni sendi kennari upplýsingar um keppnisfyrirkomulag og ferðahagi á foreldra keppnisliðsins. Dagskránná má sjá í *viðauka 1*. Borgarhólskóli bauð keppendum upp á máltíð áður en keppni hófst, farið var á Lemon. Stuðlinglið frá skólanum lagði af stað með rútu klukkan 15:00 og borgaði hver nemandi 2000 kr. Guðbergir og Þóra Katrín fylgdu stuðningsmönnum. Að keppni lokinni kaus kluti keppnisliðsins að fara heim með rútnni á meðan aðrir völdu að fara með Selmdísi. Valáfanga lauk að keppninni lokinni.

## Skylduvalgreinar á unglíngastigi

Sjá upplýsinga á [heimasíðu](#)

Við framkvæmda á vali fengu nemendur þar til gert blað með valmöguleikum til að merkja við. Nemendur þurftu ekki að fá undirskrift foreldris vegna skila á valblaði eins og tíðkast hefur. Það er aúkin ásókn í starfstengt nám. Sumar skylduvalgreinar eru aðeins í boði fyrir eða eftir áramót.

Aðstoðarþjálfun	Hvað er að gerast í dag	Rafíþróttir
	Íþróttir	Skák
Fab Lab	Klifur	Skólahreysti
Fiðringur	Leikrit	Smíðar
Frístund	Leir og keramik	Snyrtifræði
Grafísk hönnun	Minecraft	Textílmennt
Grænuvellir	Myndmennt	Tónlist
Heilsa og styrkur	Nefndarstörf	Þáttagerð
Heimilisfræði		



Ökunám

## Stuðningur við nám

Við skólann störfuðu í vetur tveir sérkennarar, einn þroskaþjálfari sem einnig er deildarstjóri stoðþjónustu, iðjuþjálfari, tíu stuðningsfulltrúar og að auki bættust við tveir stuðningsfulltrúar um miðjan janúar til skólaloka. Einn kennari sinnti kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál frá febrúar. Þessi starfsmenn voru í misháum starfshlutföllum, samtals 12 stöðugildi. Einnig nýttust til uppfyllingar á kennsluskyldu tímar inn í teyllum í 2.-5. bekk og 8.-10. bekk og tímar sérgreinakennara, samanlagt um 24 kennlustundir á viku.

Samsetning nemendahópsins kallar á fjölbreytta kennslu og þjálfun. Metnaður hefur verið lagður í að koma til móts við þarfir nemenda af fagmennsku, með fjölbreytni og samstarfi að leiðarljósi. Greiningar og ráðgjöf sérfræðinga, skimanir ásamt faglegu mati kennara og annarra starfsmanna liggja til grundvallar aðlöguðum kennsluáætlunum.

Fjöldi nemenda sem nutu stuðnings eða sérkennslu á einn eða annan hátt voru í vetur í kringum 60 eða um 21%. Misjafnar ástæður lágu þar að baki. Sum börn þurftu fullan stuðning, önnur börn unnu eftir aðlöguðum áætlunum og enn önnur fengu stuðning á stuttum námskeiðum. Með teymiskennslu hafa skil á milli almennrar kennslu, sérkennslu og stuðnings minnkað. Aukið flæði er á milli þessarar kennslu, námi nemenda og starfsmanna. Hvert teymi er samsett af almennum kennurum og þeim sem sjá um sérkennslu og stuðning. Markmiðið er að starfsmenn hvers teymis kenni helst eingöngu í sínu teymi og kenni öllum nemendum. Kennsla í litlum breytilegum hópum hefur aukist, þar sem samsetning hópsins getur verið af ýmsum toga. Því er lögð áhersla á það í skólanum að draga úr því að skilgreina hvað sé sérkennsla og hvað sé almenn kennsla.

Í vetur héldum við áfram að bjóða markvisst uppá opna tíma í list- og verkgreinum á öllum stigum bæði fyrir nemendur sem finna styrkleika sína þar og/eða þurfa á uppbroti í skóladaginn að halda en einnig fyrir aðra nemendur til að auka fjölbreytni í námi. Þessir tímar hafa gefist afar vel og stefnum við á að halda þeim áfram. Á unglingsstigi var boðið upp á útikennslu þar sem áhersla var lögð á nærumhverfið, útiveru og áhugasvið nemendanna.



## Aðrar skýrslur

### Heimasíða og Mentor

Á heimasíðu [Borgarhólsskóla](#) er að finna upplýsingar um ýmislegt er varðar skólastarfið og eru nýjar upplýsingar færðar inn reglulega. Meðal efnis eru skrár yfir starfsfólk skólans og nemendur, skóladagatal, skólareglur, námsvísar og skólanámskrá. Upplýsingar um þjónustu námsráðgjafa, hjúkrunarfræðings, skólasafns og fleira er á síðunni. Einnig eru fréttir úr skólastarfinu settar á heimasíðuna í hverri viku.

[Mentor](#) er upplýsingakerfi fyrir skólasamfélagið. Mentor.is er gagnagrunnur með vefviðmóti sem þýðir að notendur geta unnið í kerfinu hvar og hvenær sem er hafi þeir aðgang að Internetinu. Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf milli foreldra og starfsfólks skóla stuðlar að gagnkvæmu trausti milli aðila. Foreldrar/forráðamenn nemenda fá lykilorð að fjölskylduvef Mentors sem veitir þeim aðgang að upplýsingum um skólagöngu barna þeirra s.s. stundatöflu, ástundun, hæfniviðmið og heimavinnu.

### Bókasafn

Opnunartími skólabókasafns var frá klukkan 8 – 14 alla virka daga nema á föstudögum var opið til klukkan 12. Safnið var vel nýtt af nemendum og starfsfólki skólans. Áttu nokkrir árgangar /nemendur fasta bókasafnstíma, hvort sem það var sem hluti af hringekju með umsjónarkennurum eða uppbrot í töflu fyrir einstaka nemendur. Í frímínútum var hópur unglinga sem sótti í að vera á bókasafninu.

Á safninu eru 9723 bókatitlar Heildarskráning upb. 10186 (þ.e. eintök sem eru skráð). Útlán á skólaárinu í gegnum kerfi Gagnis voru ca.7064 bækur, tímarit og spil.Fækkun frá síðasta ári. Alltaf þarf að afskrá einhverjar bækur og blöð sem eru illa farin eða ekki verið lánaðar í mörg ár . Afskráðir voru 592 titlar.Nýskráningar bóka,blaða, mynda og spila voru 471 titlar. Skiptist þannig: keypt 365, fengið að gjöf 106. Safnið var áskrifandi að Disneybókum. Bækurnar eru með CD. Þá bættist við að skrá fartölvur sem nemendur unglíngastígs fengu afhentar í byrjun skólaárs. Allar skiluðu þær sér á safnið og er það vel.



## Náms- og starfsráðgjöf

Í ársskýrslu náms- og starfsráðgjafa Borgarhólsskóla fyrir skólaárið 2023-2024 koma fram helstu verkefni og áherslur í starfinu.

Skólaárið 2023-2024 var einn starfsmaður í starfi náms- og starfsráðgjafa í 100% stöðuhlutfalli.

Vinnutíminn var kl. 8:00-16:30 alla virka daga, í samtals 37 vikur frá 15. ágúst til 15. júní.

Nemendur skólans voru 285 talsins undir vor, í 1.-10. bekk og nutu um ríflega helmingur (um 150 nem.) nemenda skólans ráðgjafar og stuðnings námsráðgjafa, um lengri eða skemmri tíma í einstaklings- og/eða hópráðgjöf. Einnig sá námsráðgjafi um styrkingu í félagsfærni og hópefli í 2. bekk ásamt náms- og starfsfræðslu í stöðvum hjá 8. - 10. bekk.

Sem endra nær fékk 10. bekkur fræðslu í tengslum við ákvarðanatöku, könnun áhugasviða og lífsgilda, starfskynningarviku og vali á framhaldsskólum og framhaldsnámi.

Félagsstarf í tengslum við margbreytileikann hélt áfram að litlu leyti en starfið er í mótun í ungliðastarfi Félags hinsegin Þingeyinga. Tveir til þrír fundir voru haldnir í vetur.

## Verkefni náms- og starfráðgjafa

Starfið var margþætt og fjölbreytt að vanda og byggðist á nánú samstarfi við nemendur, foreldra, stjórnendur, fagfólk í sérfræðiþjónustu og annað starfsfólk skólans.

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa var fyrst og fremst að standa vörð um velferð allra nemenda, vera málsvari þeirra og trúnaðarmaður og aðstoða þá við að leita lausna í sínum málum.

Námsráðgjafi er bundinn þagnarskyldu um málefni nemenda, að undanskyldum ákvæðum í lögum um barnavernd nr. 80/2002.

Áherslan í starfinu var á nemandann og fólst vinnan í stuðningi við hann til bættrar líðan og aukinnar sjálfsþekkingar m.a. tengdri áhuga, styrkleikum og þannig stuðlað að bættum árangri í námi og starfi.

Nánari útskýringar á verkefnum námsráðgjafa á skólaárinu eru settar fram í næstu köflum.



## Kynning á starfi náms- og starfsráðgjafa

Námsráðgjafi byrjaði starfið að hausti með því að kynna það fyrir nemendum 1. bekkjar og foreldrum þeirra, með þátttöku í kynningarratleik árgangsins. Námsráðgjafi kynnti einnig starf sitt og hlutverk fyrir nýjum nemendum sem innrituðust í skólann á skólaárinu. Umsjónarkennarar voru virkir í að leita til námsráðgjafa varðandi nemendamál og einnig að vísa nemendum og foreldrum til námsráðgjafa.

## Einstaklingsráðgjöf

Drjúgur hluti vinnutíma námsráðgjafa fólst í viðtölum við nemendur og persónumiðaðri ráðgjöf. Viðtölin voru af fjölbreyttum toga og markmiðið með þeim var að hvetja nemendur til sjálfsskoðunar, að átta sig á áhuga sínum, styrkleikum og hindrunum í námi og starfi og að taka ákvarðanir byggðar á gagnrýnni hugsun. Rauði þráðurinn í starfinu var að aðstoða nemendur til sjálfshjálpar og styrkja þá í að bera ábyrgð á eigin gerðum. Starf námsráðgjafa er samtvinnað uppeldisstefnunni Jákvæður agi (Positive Discipline) sem skólastarf Borgarhólsskóla byggir á.

Nemendurnir komu til námsráðgjafa af eigin hvötum eða með hvatningu frá kennurum og/eða foreldrum. Sumir nemendur komu vikulega um nokkurn tíma eða með lengra millibili og aðrir nemendur fengu eftirfylgd í gegnum skólaárið. Ástæður fyrir komu nemenda voru af fjölbreyttum toga enda ólíkar þarfir nemenda sem lágu að baki. Riflega helmingur vinnutíma námsráðgjafa fór í einstaklingsráðgjöf og leiðsögn.

## Hópráðgjöf/fræðsla

Námsráðgjafi var með fræðslu í félagsfærni í náms- og félagahópum í samstarfi við umsjónarkennara hverju sinni. Áherslan var á að styrkja nemendur sem einstaklinga en jafnframt að efla þá í félagsfærni, skoðanaskiptum og lausnaleit.

Í ár tók námsráðgjafi þátt í stöðvavinnu á unglíngastigi (8.-10. bekkur) og er það í annað sinn sem náms- og starfsfræðsla er kennd í stöðvum. Nemendur mættu í 10 -12 nemenda hópum 3x80 mínútur. Í stöðvavinnunni fór fram náms- og starfsfræðsla ásamt uppbroti sem fólst í samvinnu nemenda. Því miður gafst ekki svigrúm fyrir fræðslu í 7. bekk að hausti, eins og undanfarin ár.

Nemendur 10. bekkjar fengu nokkra tíma í náms- og starfsfræðslu hjá námsráðgjafa þar sem rætt var um starfaheiminn, námsframboð framhaldsskólanna, skólakynningar og innritunarferlið.



## Skólalokaviðtöl nemenda 10. bekkjar

Námsráðgjafi bauð öllum nemendum í 10. bekk í skólalokaviðtal, á tímabilinu janúar til júní. Viðtölin voru einstaklingsmiðuð og tengd námslegri stöðu, áhugasviðum, persónulegum eiginleikum og styrkleikum nemenda ásamt ákvörðun um skólavist í framhaldsskóla. Þó nokkrar fyrirspurnir komu frá nemendum og vangaveltur um næstu skref í námi.

Kostirnir við viðtölin voru að nemendur fengu tækifæri til að tjá sig um áhugasvið sín, styrkleika, hindranir og tækifæri og jafnframt að horfa ákveðnar fram á veginn með því að setja sér markmið til árangurs. Viðtölin voru líka hvatning fyrir nemendur til að hugsa á ábyrgan hátt um næstu skref í lífinu svo sem hvert skal halda að grunnskóla loknum.

Nemendum 10. bekkjar var gefinn kostur á að taka rafrænu áhugasviðskönnunina Bendill I og þáðu allir nemendurnir boðið. Könnunin er íslensk útfærsla, ætluð nemendum efri bekkja grunnskóla og byggir á hugmyndafræði og kenningu Johns L. Holland um starfsáhuga. Könnunin er gagnlegt hjálpartæki við ákvörðun um val á námi eftir grunnskóla og til að ræða ýmsa þætti sem snúa að náms- og starfsvali og starfsfræðslu. Áður en nemendurnir tóku rafrænu könnunina var þeim kynntur tilgangur hennar og notagildi. Almennt voru nemendurnir ánægðir með þátttökuna og fannst áhugavert að geta séð starfsáhugasvið sín kortlögð. Niðurstöður og túlkun könnunarinnar fór fram á vordögum. Námsráðgjafi aflaði einnig ýmissa upplýsinga fyrir nemendur varðandi framhaldsnám.

Foreldrar nemenda í 10. bekk voru upplýstir með tölvupóstum um áhugasviðskönnunina Bendil og framhaldsskólakynningar í nær umhverfinu. Námsráðgjafi sendi foreldrum fræðsluefni/glærur í tölvupósti til upplýsingar um lok skólagöngu og hverju þarf að huga að þegar nemendur innritast í framhaldsskóla.

## Framhaldsskólakynningar fyrir nemendur 10. bekkjar

Nemendur 10. bekkjar fengu að kynnast framhaldsskólunum í nærumhverfinu með því að fara í heimsóknir í skólana eða fá heimsókn til sín:

FSH – Nemendurnir heimsóttu Framhaldsskólann á Húsavík – 5. febrúar

Framhaldsskólinn á Laugum – Nemendurnir fengu heimsókn frá þeim 7. febrúar



VMA og MA – Nemendurnir heimsóttu Verkmenntaskólann á Akureyri, Menntaskólann á Akureyri og heimavistirnar tengdar þeim - 1. nóvember

## Foreldraráðgjöf/fundir/samtöl

Námsráðgjafi átti í góðu samstarfi við foreldra á skólaárinu, í gegnum samtöl í síma og á fundum innan skólans. Námsráðgjafi hringdi í foreldra á skólaárinu, bæði áður en hann fór að hitta nemendur reglulega eða til að upplýsa um stöðuna. Gætt var trúnaðar við nemendur.

Námsráðgjafi hafði þann háttinn á, að fá leyfi frá foreldrum til að ræða persónulega við nemendur ef þeir voru í 1.- 6. bekk. Varðandi nemendur í 7.- 10. bekk óskaði námsráðgjafi eftir því við nemendur, þegar þeir leituðu til hans, að þeir létu foreldra/forráðamenn sína vita af samskiptum sínum við námsráðgjafa, ef ástæða var til.

## Samráðs- og teymisfundir

Samráðsfundir og samtöl við stjórnendur, umsjónarkennara, stuðningsfulltrúa, skólaliða, starfsfólk íþróttahúss, foreldra, nemendur og sérfræðinga í stoðþjónustu voru af margvíslegum toga og tengdust líðan, framkomu og námsframvindu nemenda.

Teymisfundir og teymisvinna var hluti af starfi námsráðgjafa innan skólans og fólst í stuðningi við nemendur og þarfir þeirra.

Fundir eineltisteymis skólans voru haldnir að jafnaði hálfmánaðarlega, þar sem þörf var á að fylgja eftir þeim málum sem komu inn á borð teymisins. Hverju máli innan teymis var fylgt eftir með upplýsingafundum og síðan stöðu/eftirfylgdarfundum með foreldrum nemenda sem hlut áttu að máli og umsjónarkennurum.

Fundir í nemendaverndarráði fóru að jafnaði fram á fjögurra vikna fresti. Námsráðgjafi var í áfallateymi skólans sem fundaði þegar þörf var á aðkomu þess.

Námsráðgjafi tók reglulega þátt í teymisfundum unglíngastigsins, samráðsfundum fagfólks í stoðþjónustu og fundum með námsráðgjafa Framhaldsskólans á Húsavík ásamt fagfundum og ráðstefnu Félags náms- og starfsráðgjafa (FNS).

Námsráðgjafi var einnig í stoðþjónustuteymi með öðru starfsfólki stoðþjónustu í skólanum. Fundir voru haldnir að jafnaði á tveggja mánaða fresti.



Forvarnarteymi er til staðar í skólanum og markmið þess er að efla forvarnir til handa nemendum gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni. Teymið er enn að útfæra áætlun um fræðslu og forvarnir sem eru samþættar kennslu og skólastarfi. Námsráðgjafi fylgir eftir ákveðnu fræðsluefni sem tekið er fyrir í árgöngum skólans s. s. Krakkarnir í hverfinu (brúðuleikhús) í 2. bekk, Leyndarmálið (teiknimynd) í 3. bekk, Stattu með þér (fræðslumynd) í 6.-7. bekk og Fáðu JÁ (fræðslumynd í 8.-10. bekk). Því miður gafst okkur ekki kostur á að fá brúðuleikhúsið á þessu skólaári en það verður líklega í haust. Umsjónarkennarar fylgja eftir fræðslunni í 6.-7. bekk og í 8.-10. bekk.

## Tengslakannanir

Námsráðgjafi heldur utan um fyrirlagnir og úrvinnslu tengslakannana innan skólans. Tvisvar sinnum á ári, að jafnaði í október og febrúar, leggja umsjónarkennarar allra teyma fyrir tengslakannanir. Markmið fyrirlagnar er að fá yfirsýn yfir félagatengsl nemenda með það að markmiði að styðja við og stuðla að góðum félagslegum tengslum nemenda og draga úr félagslegri einangrun nemenda.

Form tengslakannana var betrubætt haustið 2021 og endurskoðað fyrir fyrirlögn að vori 2022. Einnig var form fyrir skráningu niðurstaðna bætt og gert aðgengilegra fyrir umsjónarkennara til skráninga. Námsráðgjafi og umsjónarkennarar fóru saman yfir niðurstöður, báru saman haust og vor og nýttu upplýsingar sem komu fram, til aukins stuðnings og meðvitundar um félagslega stöðu nemenda.

## Eineltismál

Eineltisteymi skólans hefur umsjón með og sinnir faglegri forystu í eineltismálum innan skólans. Það veitir starfsfólki skólans, nemendum og foreldrum leiðsögn í málum sem upp koma. Í eineltisteymi skólans sátu deildarstjórar yngra og eldra stigs og námsráðgjafi ásamt umsjónarkennara meints þolanda í hverju máli fyrir sig. Teymið kallaði inn fleiri aðila eftir þörfum og vann málin í samráði við umsjónarkennara. Eineltisteymið hittist að jafnaði tvisvar í mánuði og oftast ef ástæða var til.

Grunur um samskiptavanda/einelti kom fram á skólaárinu í nokkrum tilvikum og voru málin sett í ákveðinn farveg samkvæmt aðgerðaráætlun skólans gegn einelti. Brýnt var fyrir starfsfólki skólans að vera vakandi yfir velferð nemenda og ef vafi lék á, að þolendur nyttu vafans. Tilkynnendur voru



ýmist foreldrar nemenda eða kennarar. Starfsfólk skólans, foreldrar og nemendur lögðu sig fram um að varpa ljósi á aðstæður og leiða málin til betri vegar. Unnið var markviss að því að efla jákvæða hegðun, bættu líðan og betri samskipti milli nemenda. Mikilvægt var að fá málin upp á yfirborðið og vinna með þau eftir bestu getu í skóla og heima fyrir. Í öllum tilvikum náðist góð samvinna milli heimilis og skóla.

Aðgerðaráætlun var fylgt eftir með skýrum hætti með skráningum, úrvinnslu og eftirfylgd. Virkni í öflun upplýsinga og skráningar á framkomu nemenda í tímum, á göngum, úti í frímínútum og íþróttahúsi hefur gefið heildstæðari mynd af stöðu mála.

Náms- og starfsráðgjafi heldur utan um skráningar og geymslu gagna.

## Heilsugæsla

Skólahjúkrunarfræðingur við Borgarhólsskóla er í 42% starfshlutfalli með viðveru á skólatíma frá kl. 8:00-12:00 þrjá daga vikunnar og frá kl. 10:00-14:00 tvo daga. Hlutverk heilsugæslu í skólum er að sinna heilsuvernd nemenda sem er framhald af ung-og smábarnavernd.

Starfsemi heilsuverndar grunnskólabarna er skv. lögum, reglugerðum og tilmælum sem um hana gilda. Hún er meðal annars fólgin í reglubundnum skimunum og eftirliti, ónæmisaðgerðum, heilbrigðisfræðslu, lyfjagjöf og teymisvinnu kringum einstök mál.

Samkvæmt tilmælum Landlæknis eru gerðar skimanir í fjórum árgöngum á hverju skólaári. Það er í 1., 4., 7. og 9.bekk, þá er mæld hæð, þyngd og sjón ásamt því að hjúkrunarfræðingur tekur lífstílsviðtal við hvert barn. Skólaárið 2021-2022 gerði skólahjúkrunarfræðingur samtals 168 mælingar á hæð og þyngd, 121 sjónpróf og tók 122 nemendur í lífstílsviðtal. Nemendur í 7.og 9.bekk voru einnig bólusettil í skólanum og framkvæmdi skólahjúkrunarfræðingur 96 ónæmisaðgerðir þetta skólaárið. Börn í öðrum bekkjum eru mæld og skoðuð eftir þörfum. Skipulögð heilbrigðisfræðsla og forvarnarstarf fer í hvern bekk skólans á hverju skólaári, ýmist koma nemendur í smærri hópum til skólahjúkrunarfræðings í þá fræðslu eða skólahjúkrunarfræðingur fer með fræðsluna inn í bekki.



## Mötuneyti

Skólamötuneyti Húsavíkur var sett á laggirnar haustið 2020. Það er staðsett í Borgarhólsskóla, er rekið sem sjálfstæð eining og hefur sinn yfirmann. Mötuneytið þjónar eftir sem áður Borgarhólsskóla og FSH en að auki Leikskólanum Grænuvöllum og stjórnsýsluhúsi.

## Byrjendalæsi

Borgarhólsskóli hefur verið í þróunarverkefninu Byrjendalæsi frá árinu 2010. Vorið 2012 lauk helmingur kennara á yngsta stigi tveggja ára þróunarvinnu í BL. En hinn helmingur kennara á yngsta stig færir yfir á seinna ár í þróunarverkefninu/náminu.

Allir kennarar á yngsta stigi starfa samkvæmt aðferðum BL. sem ganga, í fáum orðum, út á að;

- Lestur, ritun, tal og hlustun eru samofnir þættir sem unnið er með á heildstæðan hátt.
- Unnið er með merkingarbær viðfangsefni sem byggja á gæðatexta.
- Byggir á markvissri samvinnu og samskiptum nemenda í námi.
- Einstaklingsmiðun í kennslu, stigskiptur stuðningur við nám.
- Markviss kennsla aðferða sem styður við lesskilning og fjölbreytta ritun.
- Nám án aðgreiningar, einstaklingsþörfum mætt innan nemendahópsins.

Það er stefna Borgarhólsskóla að unnið sé eftir aðferðum Byrjendalæsis á yngsta stigi.

## Læsissteymi:

Í læsissteymi Borgarhólsskóla á þessu skólaári voru: Guðrún Kristinsdóttir, Sóley Sigurðardóttir, Dagbjört Erla Gunnarsdóttir, Árný Björnsdóttir, Egill Páll Egilsson, Guðrún Sædís Harðardóttir og Hilda Rós Pálsdóttir.

Fundað var að jafnaði tvisvar sinnum í mánuði í klukkustund í senn.

Helstu verkefni teymisins voru:

- Við útbjuggum hugmyndir að verklagsreglum fyrir kennara hvernig bregðast megi við ef heimalestri nemenda er ekki sinnt. Lögðum þær svo fyrir kennarahópin sem kom með ábendingar. Verklagsreglurnar eru nú tilbúnar og þær verða kynntar foreldrum í haust og teknar í notkun á næsta skólaári.



- Við lögðum til að foreldrar í 1.-3. bekk fái afhentan bækling í byrjun skólaárs þar sem farið er yfir lestur, lestrarmarkmið og leiðir til að aðstoða foreldra við heimalestur ef hann gengur ekki eins og til er ætlast. Ekki var tekin ákvörðun um hver ætti að útbúa bæklinginn en skólinn er að fara af stað með þróunarverkefni í lestri hjá 1. bekk og hugsanlega fá foreldrar svona blað/bækling í tengslum við það sem væri þá einnig hægt að nýta fyrir 2. og 3. bekk.

Læsissteymið stóð fyrir fjórum lestrarátökum á skólaárinu.

- 23.-27. október – „Nú söfnum við blaðsíðum“ – Nemendur komu á skólasafnið og lásu og skráðu lesin blaðsíðufjöldi.
- 27. nóv.-1. des. – „Mínútum safnað“ – Nemendur lásu í skólanum og mínútufjöldi sem lesnar voru skráðar niður.
- 8.-12. janúar – „Heimalesturs áttak“ – Foreldrar hvattir til að fá nemendur til að lesa heima í a.m.k. 5-10 mín. í þessari viku. Þetta var hugsað sem undirbúningur fyrir annað lesfimiþrófið sem lagt er fyrir nemendur í janúar.
- 15.-19. apríl – „Lestaráttak í árgöngum“ – Hver árgangur ákvað með hvaða hætti þeirra lestrarátak færi fram.

Lestaráttökin skiluðu bættum árangri flestra nemenda í lesfimiþrófunum.

Við hittum fulltrúa foreldrafélags Borgarhólsskóla og óskuðum eftir samvinnu við foreldrafélagið um hvernig við gætum aukið lestraráhuga og metnað nemenda og foreldra til aukins lesturs og lesskilnings hjá nemendum.

Í samvinnu við foreldrafélagið fengum við Bjarna Fritzson rithöfund til að koma í skólann og halda fyrirlestur fyrir nemendur og foreldra. Hann kom hingað 12. mars og var mjög vel tekið bæði af nemendum og foreldrum sem mættu mjög vel á foreldrafyrirlesturinn. Bjarni gaf skólanum 20 bækur eftir hann sjálfan.

Árið 2015 var sveitarfélögum gert skilt að gera sér læsisstefnu fyrir skólana. Frá leikskóla til loka grunnskóla. Þar sem sveitarfélagið Norðurþing hefur enn ekki gert slíka stefnu þá höfðum við samband við þau og ýttum á að þetta yrði gert. Við komum því í gegn að vinna við læsisstefnu Norðurþings mun hefjast haustið 2024 og stefnt er að hún verði tilbúin og tekin í notkun í janúar 2025.

Arna Ásgeirsdóttir, kennsluráðgjafi hjá Skólaþjónustu Norðurþings, sat fjóra fundi með okkur og ræddi ýmis lestrarmál við okkur. Hún hefur verið að vinna að ritgerð um lestur þar sem hún ræddi m.a. við foreldra í Borgarhólsskóla. Hún er tilbúin að kynna niðurstöður þessara viðtala fyrir starfsfólki Borgarhólsskóla haustið 2024. Hún er einnig tilbúin að koma inn á haustfundi fyrir foreldra hjá yngri nemendum og vera með tölu um mikilvægi lesturs og lestrarþjálfunar.

Kolbrún Ada, deildarstjóri, kynnti fyrir okkur þróunarverkefni sem fer af stað í haust í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Þetta er lestrarverkefni þar sem efsti bekkur leikskólans og 1. bekkur grunnskólans taka þátt í.



Samstarf læsisteymisins gekk mjög vel og teljum við að við höfum komið ýmsu í verk á þessu skólaári sem vonandi hefur haft jákvæð áhrif á lestur og lestrarþjálfun nemenda.

## Sameiginlegir viðburðir

### Salarskemmtanir

1.-6. bekkur sjá um dagskrá á sal einu sinni á skólaárinu. Lögð er mikil vinna í undirbúning og stendur skemmtunin yfir í 30 mínútur. Umsjónarkennarar bekkja sjá um að undirbúa nemendur og aðstoða þá við salaruppákomur.

Markmið með samkomum á sal eru að:

- örva samkennd og efla sjálfsvitund
- glæða skapandi hugsun og fræðast
- styrkja siðvit og gleðjast saman

Markmiðunum ætlum við að ná með því að:

- undirbúa nemendur sem sýna á sal og gefa öllum tækifæri til þátttöku
- þjálfa nemendur í að hlusta og virða þá sem koma fram
- sýna almenna háttvísi og syngja saman
- láta gesti finna að þeir eru velkomnir

Vegna samkomutakmarkana höfum við ekki getað haft sal eins oft og við vildum þetta skólaárið. Í ár tók tónlistarskólinn þátt í söngsölum og sá um undirleik. Það heppnaðist vel og stefnt að því að halda því fyrirkomulagi áfram.

### Göngudagurinn

Göngurdagur var haldinn 16. september 2021 en þá gengu nemendur skólans fyrirfram ákveðnar gönguleiðir, miskrefjandi eftir aldri nemenda.. Markmið göngudagsins falla vel að grunnþáttum menntunar í heilbrigði og velferð en þar er lögð áhersla á að leiðbeina nemendum um að temja sér heilbrigða lífshætti og ábyrga umgengni við líf og umhverfi. Markvisst hreyfiuppeldi leggur grunn að líkamlegri, andlegri og félagslegri færni nemenda.



- 1. bekkur: Sund
- 2.-3. Bekkur: Gengið að skálatjörn
- 4.-5. Bekkur: Við gengum frá skólanum eftir Ásgarðsveginum og tókum slóðina yfir á Reykjaheiðarveg. Þaðan fórum við eftir Langholti og upp að nýja gólfskálanum. Þaðan fórum við yfir að gamla gólfskálanum og borðuðum nesti. Síðan gengum við niður veginn frá golfvellinginum og á slóðina með veginum inn í bæinn og eftir Garðarsbrautinni í skólann.
- 6.-7. bekkur: Við gengum frá skólanum út í Kaldbak, stoppuðum þar og borðuðum nesti, gengum svo yfir að ruslahaugum og þar upp að hjöllunum, niður hjá golfvellinginum og stoppuðum á Hjarðarhólstúninu og fengum okkur grillaðar pylsur heima hjá Óskari og þaðan í skólann.
- 8.-10. bekkur: Farið var með rútu og gengu nemendur í Vesturdal þar sem rútan sótti hópinn eftir göngu. Það var í boði að labba styttri vegalengd og var starfsmaður sem gekk það með hópi nemenda. Vaða þurfti yfir á á leiðinni og þótti flestum nemendum það skemmtileg upplifun.

## Jól í skókassa

Haustið 2023 var verkefnið Jól í skókassa framkvæmt í tólfta sinn í samstarfi við KFUM og KFUK á Íslandi. Skókössunum er dreift til fátækra barna í Úkraínu.

Markmið með þátttöku í jól í skókassa eru:

- efla samkennd – umburðarlyndi og samúð
- efla skilning barna og fullorðinna á kjörum annarra
- láta gott af sé leiða og gleyma ekki þeim sem minna mega sín

## Verkstæðisdagur

Frá örófi alda hefur ríkt sú skemmtilega hefð í Borgarhólsskóla að hafa verkstæðisdag fyrir jólin. Í ár bauð hvert teymi upp á 1-2 verkstæði á sínu svæði. Nemendur 10. Bekkjar voru svo með kaffihús á sal skólans en það er liður í fjáröflun þeirra fyrir skólaferðalag. Verkstæðisdagurinn hófst kl. 8.15 og var til 12.00. Vegna samkomutakmarkanna varð að takmarka aðgang aðstandenda. Þeir þurftu að skrá sig á viðburðinn og sýna neikvætt hraðpróf. Ekki er hefðbundin



kennsla þennan dag. Við leitumst við að vera umhverfisvæn og hugmyndarík í þeim verkefnum sem boðið er upp á.

Markmið með verkstæðisdegi:

- efla sköpunarhæfni og sköpunargleði
- styrkja tengsl heimilis og skóla.

## Litlu jólin

Litlu jólin voru haldin 20. desember. Hvert teymi var á sínu svæði en fékk allskyns uppbrot. Ekki mátti blanda teyllum vegna samkomutakmarkanna. Jólasveinar úr Dimmuborgum komu og fóru á milli teyma. Boðið var upp á kakó og piparkökur úti, hvert teymi fékk sinn tíma í það sem og söngsal þar sem salnum var skipt í 3 sóttvarnarhólf. Í lok dags var haldið bingó á teams sem allir tóku þátt í og þá fengu nemendur ís. Dagskrá var milli 8:15-12:00.

## Útivistardagur

Vikuna 29. mars-3. apríl var ákveðið að nota góða veðrið og hafa útivistardag. Þar sem ekki var hægt að hafa alla í einu var skólanum skipt niður og fóru teymin á mismunandi dögum í útivist. Í boði var að fara á skíði í Reyðarárhjúk eða Höskuldsvatnshjúkaur fyrir 4.-10. bekk þess að fara í göngutúr frá skólanum og renna sér í Neðri-Skálamel. 1.-3. bekkur fór að renna í Neðri- Skálamel. Við fengum Fjallasýn til að aka með nemendur upp á skíðasvæði.

## Skólalok

Ávallt skal hafa í huga að skólaganga er samfelld en ekki 10 aðskilin ár. Í ár luku nemendur skólaárinu hjá umsjónarkennara sem afhenti þeim vitnisburð í lok dags. 10 bekkur var útskrifaður á sal Borgarhólsskóla fimmtudaginn 2.júní við hátíðlega athöfn. Skólinn bauð til kaffisamsætis að athöfn lokinni fyrir nemendur, aðstandendur þeirra og starfsfólk.

## Nefndir og ráð

### Foreldrafélag Borgarhólsskóla

Í stjórn félagsins sitja:



Berglind Júlíusdóttir, meðstjórnandi

Guðmundur Friðbjarnarson, formaður

Hildur Eva Guðmundsdóttir, varaformaður

Hrefna Regína Gunnarsdóttir, meðstjórnandi

Kristinn Jóhann Lund, gjaldkeri

Rakel Dögg Hafliðadóttir, ritari

Stjórnin var skipuð á fjölmennum aðalfundi

## Veðurráð

Hlutverk ráðsins er að meta aðstæður og opna skóla snemma dags þegar eitthvað er að veðri. Ef skóla er aflýst skal veðurráð mæta til að taka á móti þeim börnum sem mögulega koma. Í ráðinu sátu: Laufey, Halla Rún og Sveinn

## Öryggisráð

Öryggistrúnaðarmenn eru kosnir af samstarfsmönnum sínum, óháð stéttarfélagi, til að sinna vinnuverndarstarfi innan vinnustaðar (þar sem fjöldi starfsmanna er tíu eða fleiri). Þeirra helsta hlutverk er að fylgjast með því að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað séu í samræmi við vinnuverndarlögin og reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum og taka þátt í gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað (áhættumats).

Verkefni öryggisráðsins hafa meðal annars verið:

- Að búa til öryggisáætlun og um hollustuhætti
- Að kynna neyðaráætlanir fyrir starfsfólki
- Fara yfir hvers konar búnað í stofnuninni sem tengist starfsemi ráðsins, s.s. slökkvitæki og annan búnað.
- Endurmeta þörf fyrir hvers konar búnað, s.s. hjartastuðtæki.
- Kanna þörf á námskeiðum fyrir starfsfólk, s.s. skyndihjálparnámskeið.



Sveinn og Rakel eru öryggisverðir skólans og Íris og Hjálmar Bogi öryggisfulltrúar.

## Innra mat

### Skólaráð

Með gildistöku **laga nr. 91** um grunnskóla frá 12. júní 2008 koma skólaráð í stað foreldraráða. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn;

- 2 kennarar
- 2 nemendur
- 2 foreldrar
- 1 starfmaður skóla
- 1 úr grenndarsamfélaginu/eða foreldri
- Skólastjóri

Fundagerðir ráðsins eru birtar á heimasíðu skólans.

### Nemendaverndarráð

Með gildistöku **laga nr. 91** um grunnskóla frá 12. júní 2008 er kveðið á um að skólastjóri setji á laggirnar nemendaverndarráð sem sjái um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðipjónustu, námsráðgjöf og skólaheilsugæslu. Jafnframt skuli stuðla að samráði við félagspjónustu viðkomandi sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna málefna nemenda eftir því sem þurfa þykir. *Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðipjónustu og*



*vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur.*

(Reglugerð nr. 584, 17. gr. 2010). Nemendaverndarráð starfar einnig sem eineltisteymi.

Nemendaverndarráð skipar skólastjóri, deildarstjórarar, náms- og starfsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur og starfsmaður skólaþjónustu. Nemendaverndarráð fundar á tveggja vikna fresti og er á forræði deildarstjóra stoðþjónustu.

Reglugerð mennta- og menningarmálaráðherra frá 25. júní 2010, um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, lýsir nánar starfsemi nemendaverndarráða grunnskóla.

**Nemendaverndarráð Borgarhólsskóla:** Díana Jónsdóttir, Elsa Björk Skúladóttir, Hjálmar Bogi Hafliðason, Ingibjörg Sigurjónsdóttir, Kristín Helgadóttir og Kolbrún Ada Gunnarsdóttir.

## Eineltisteymi

Eineltisteymi hefur umsjón með og sinnir faglegri forystu í eineltismálum innan skólans. Það veitir starfsfólki skólans, nemendum og foreldrum leiðsögn í málum sem upp kunna að koma. Í eineltisteymi skólans sitja deildarstjóri 1.-10. bekkja og námsráðgjafi ásamt einum kennara innan skólans og umsjónarkennara meints þolanda í hverju máli fyrir sig. Teymið kallar inn fleiri aðila eftir þörfum og vinnur mál í samráði við umsjónarkennara.

Grunur um samskiptavanda/einelti kom fram á skólaárinu í fimm tilvikum og voru málin sett í ákveðinn farveg samkvæmt aðgerðaráætlun skólans gegn einelti. Brýnt var fyrir starfsfólki skólans að vera vakandi yfir velferð nemenda og ef vafi lék á, að þolendur nytu vafans. Foreldrar þriggja nemenda tilkynntu grun um einelti og tveir kennarar sömuleiðis. Nemendur, foreldrar og starfsfólk lagði sig fram um að varpa ljósi á aðstæður og leiða málin til betri vegar. Unnið var markviss að því að efla jákvæða hegðun, bættu líðan og betri samskipti milli nemenda. Mikilvægt var að fá málin upp á yfirborðið og vinna með þau eftir bestu getu í skóla og heima fyrir. Í öllum tilvikum hefur náðst góð samvinna milli heimilis og skóla og leiða leitað til lausna.

Aðgerðaráætlunar hefur verið fylgt eftir með skýrum hætti með skráningum, úrvinnslu og eftirfylgd. Virkni í öflun upplýsinga og skráningar á framkomu nemenda í tímum, á göngum, úti í frímínútum og íþróttahúsi hefur gefið heildstæðari mynd af stöðu mála.



Náms- og starfsráðgjafi heldur utan um skráningar og geymslu gagna.

## Áfallaráð

Mikilvægt er að móta vinnureglur og aðstoða starfsfólk skólans um hvernig bregðast eigi við ýmiss konar áföllum sem starfsfólk eða nemendur og aðstandendur þeirra kunna að verða fyrir eða tengjast með öðrum hætti og kalla fram sorgarviðbrögð.

Áfallaráð skólans starfar af fyllsta trúnaði og gætir sérstaklega allra persónulegra upplýsinga. Áfallaráð kemur saman og vinnur með skólastjórnendum að því að skipuleggja viðbrögð þegar þörf krefur. Í áfallaráði sitja:

- Skólastjóri
- Deildarstjórar
- Námsráðgjafar
- Skólahjúkrunarfræðingar

Skólastjóri eða staðgengill skólastjóra er ábyrgur fyrir því að kalla saman áfallaráð og stýra vinnu þess og skipulagi.

### Hlutverk áfallaráðs

- Að hafa verkstjórn við válega atburði,
- Sjá til þess að starfsfólk fái kynningu á því hvernig bregðast skuli við áföllum
- Að útbúa vinnuáætlanir um hlutverkaskipan hverju sinni, í hvaða röð og hvernig bregðast skuli við í hverju tilviki fyrir sig.
- Sjá til þess að starfsfólk fá stuðning og hjálp og faglega þjónustu ef þeir verða fyrir áfalli.
- Funda eins fljótt og auðið er ef áfall hefur orðið, óháð dagsetningu og tíma.

## Nemandateymi

Misjafnt er hverjir sitja í nemandateymi. Alla jafnan umsjónarkennari, stjórnandi og foreldrar.



## Samstarf skólans við aðrar stofnanir

### Grænuvellir

Leik – og grunnskóli vinna markvisst saman með það að leiðarljósi að brúa bilið á milli leik- og grunnskóla. Unnið er eftur verkáætlun sem felst í heimsóknum á báða bóga nokkrum sinnum yfir skólaárið. Vorskóli 5 ára barna var 16.-18. maí frá 11:00 – 13:30. Umsjón með vorskólanum var í höndum verðandi umsjónarkennara 1. bekkjar Eyrúnar Ýr Tryggvadóttur og Þorbjargar Unnsteinsdóttur. Foreldrar fengu sendan bækling heim um skólabyrjun og var skráning í skólann rafræn að þessu sinni. Haldinn var kynningarfundur með foreldrum miðvikudaginn 11. maí þar sem farið var yfir vorskólann og upphaf skólagöngunnar.

### Tónlistarskóli Húsavíkur

Samstarf Tónlistarskóla Húsavíkur og Borgarhólsskóla, áður Barnaskóla Húsavíkur á sér sögu allt frá árinu 1972, þegar Tónlistarskólinn fluttist inn í húsnæði í eigu Barnaskólans. Í kjölfar þess að skólarnir störfuðu undir sama þaki var farið af stað með verkefni þar sem nemendur barnaskólans vor teknir út úr tímum. Í kjölfar þess jókst aðsókn að tónlistarnámi verulega. Ljóst varð að ekki var mögulegt að veita öllum þeim nemendum þjónustu sem eftir því leituðu nema eitthvað nýtt kæmi til í skipulagi tónlistarnáms. Til þess að bregðast við aukinni eftirspurn var farið af stað með verkefnið Hljóðfæranám fyrir alla 1992 í samstarfi Tónlistarskólans, Leikskólans og Barnaskólans.

Markmiðið með verkefninu *Hljóðfæranám fyrir alla* var að koma á markvissu tónlistaruppeldi fyrir aldurshópin 3-9 ára með samvinnu um og samræmdri tónlistarkennslu í leikskóla, tónlistarskóla og grunnskóla.

Verkefnið fólst í því að:

- Vinna að gerð sameiginlegrar námskrár í tónlistarfræðslu fyrir aldurskeiðið 3-9 ára.
- Þróa og afla þekkingar í viðkomandi stofnunum á kennsluaðferðum sem gerðu það mögulegt að bjóða heilum bekkjardeildum uppá hljóðfæranám sem hluta af samfelldri stundaskrá.
- Nota og þróa samþætt kennslufni í tónlistar forskóla, tónmenntarkennslu og hljóðfæranámi.



Segja má að settum markmiðum hafi verið náð. Námskrá var unnin í samræmi við fyrirbyggjandi námskrá grunnskólans og þau gögn sem til voru á þeim tíma um faglegt starf leikskóla og tónlistarskóla. Aðalnámsskrá tónlistarskóla leit ekki dagsins ljós fyrr en árið 2000. Helsta áskorunin í verkefninu hefur verið að stuðla að þróun faglegs starfs og hópkenntu í tónlist. Fjölmörg námskeið voru haldin fyrir tónlistarkennara og leikskólakennara. Unnið var sameiginlegt kenntu efni byggt á þeirri tónlist sem notuð var til kenntu í leikskólanum og tónmenntakenntu grunnskólans. Vandað var til við gerð kenntu efnisins en reynslan af því hefur verið mjög góð og er það ennþá í notkun hér á Húsavík og víðar á landinu.

Hópkenntu er forsenda þess að hægt sé að veita öllum börnum tónlistarkenntu.

Unnið er að breytingum á “Hljóðfæranám fyrir alla” með Tónlistarskólanum. Þær breytingar sem komu til framkvæmda í ár var að hætt var með blokkflautukenntu. Nemendur þriðja bekkjar fengu að prufa öll hljóðfærin sem voru í boði fram að áramótum í hringekju vinnu og völdu sér síðan sitt hljóðfæri eftir áramót. Nemendur fjórða og fimmta bekkjar fengu val um einkanám á hljóðfæri, hljómsveitarval eða marimbaval. Nemendur í sjötta og sjöunda bekk gátu valið raftónlist í áhugasviðsverkefni ásamt einkatímum á hljóðfæri eða söng. Nemendur á unglíngastigi fengu einkatíma á hljóðfæri eða í söng metna sem valfag.

## Náttúruskólinn/Hvalasafnið

Hvalaskóli Hvalasafnsins er verkefni sem miðar að því að fræða nemendur í leik-, grunn-, framhalds- og háskóla á svæðinu um hvali og lífríki þeirra við Ísland. Yngstu nemendurnir fá auðveld verkefni sem byggjast á því að læra í gegnum leik og skoðun á umhverfinu, en sömu nemendur fá flóknari verkefni eftir því sem þau eldast, byggð á þeirri þekkingu sem þau hafa tileinkað sér áður í Hvalaskólanum. Nemendur 2. og 5. bekkjar hafa unnið að þessu verkefni hjá skólanum.

## Framhaldsskólinn á Húsavík

Foreldrar geta sótt um til skólastjóra að nemandi geti hafið nám í framhaldsskóla samhliða grunnskólanámi sé námið formlega metið. Nemendum Borgarhólskóla gefst kostur á að sækja nám við FSH í 10. bekk hafi þeir staðist hæfniviðmið 10. bekkjar. Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna sem og kostnað vegna þess á framhaldsskólástigi.



Til þess að skólaskipti nemanda, úr grunnskóla og í framhaldsskóla, verði sem auðveldust og ánægjulegust fyrir viðkomandi er mikilvægt að ekki verði rof á þjónustu við þá einstaklinga sem á aðstoð þurfa að halda. Það á við um alla þætti hins mannlega lífs, s.s. í tengslum við námslega getu, íslenskukunnáttu eða líðan og félagsleg samskipti. Þess vegna er öflugt og skilvirkt samstarf grunn- og framhaldsskóla svo mikilvægt. Með skriflegu samþykki forráðamanna nemanda er grunnskóla heimilt að afhenda framhaldsskóla þau gögn sem koma að gagni við skólaskil.

[https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2020/03/Byggjum-bru\\_17.03.20.pdf](https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2020/03/Byggjum-bru_17.03.20.pdf)